Ársskýrsla 2019

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

Ljósmynd á kápu: Oscar Bjarnason

Ljósmyndir af starfsfólki og stjórn: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Hönnun og umbrot: Hermann Sigurðsson

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns 4
Um sjóðinn 6
Ávöxtun og þróun markaða 7
Iðgjöld og lífeyrir 8
Rekstur og áætlun 10
Áhættustefna 11
Fjárfestingarstefna 12
Tryggingafræðileg staða 13
Verðbréfaeign og fjárfestingar 14
Sjóðfélagalán 15
Séreignardeild og tilgreind séreignadeild 16
Stjórn 18
Starfsmenn 19
Stjórnarháttayfirlýsing 20
Hluthafastefna 22
Gagnsæi og nýliðun 23
Stefna um samfélagslega ábyrgð 24
Ársreikningur 27
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra 28
Áritun óháðs endurskoðanda 31
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 34
Efnahagsreikningur 35
Sjóðstreymisyfirlit 36
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris 37
Efnahagsreikningur deilda 38
Sjóðstreymisyfirlit deilda 39
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 40
Skýringar 41

Ávarp stjórnarformanns

Staða Lífsverks í dag

Árið 2019 markaði tímamót þegar eignasafn Lífsverks fór í fyrsta sinn upp fyrir 100 milljarða króna. Að okkar mati er eignasafn sjóðsins betur samsett nú en á árum áður þannig að niðursveiflur í hagkerfum heimsins munu síður valda áföllum. Lífsverk er ungur lífeyrissjóður og mun áfram stækka næsta áratuginn ef vel gengur.

Stefna sjóðsins til framtíðar

Það er stefna sjóðsins að bjóða öllum háskólamenntuðum framúrskarandi þjónustu í lífeyrismálum. Að mati stjórnar sjóðsins er frekari fjölgun sjóðfélaga forsenda fyrir bjartri framtíð sjóðsins. Það er því gleðilegt að segja frá því að markmið um fjölgun virðast nú ganga eftir og eignasafn sjóðsins vex hraðar fyrir vikið. Þess má einnig geta að áhugi er á því innan stjórnar að skoða samrekstur með öðrum sjóðum. Með þeim hætti má efla faglegt starf og lækka kostnaðarhlutföll sjóðins hraðar en ella.

Ávöxtun eignasafns og eignastýring

Árið 2019 var gjöfult á hlutabréfamörkuðum og hrein raunávöxtun samtryggingar var 9,0%, sem er mun hærra en langtímamarkmið lífeyrissjóða um 3,5% raunávöxtun. Eignasafn Lífsverks er áhættuminna en gengur og gerist hjá íslenskum lífeyrissjóðum en þó er raunávöxtun síðustu 5 ára 4,9% að meðaltali, í takti við ávöxtun lífeyrissjóða sem við berum okkur saman við. Þess ber þó að geta að allur samanburður er snúinn vegna mismunandi uppgjörsaðferða sjóðanna. Þannig hækkuðu innlend skuldabréf verulega á árinu 2019 en þar sem Lífsverk gerir stóran hluta skuldabréfa upp miðað við kaupkröfu bréfanna kemur þessi ávinningur ekki fram í raunávöxtun ársins, en mun þess í stað skila sér yfir líftíma skuldabréfanna.

Ávöxtun séreignarsafna var yfir væntingum á árinu, m.a. vegna góðrar ávöxtunar hlutabréfa eins og áður var getið.

Hagsveiflur og áhætta

Lengsta hækkunarhrina í sögu verðbréfamarkaða tók enda í mars 2020 þegar ljóst varð að COVID-19 veiran myndi tímabundið stöðva gangverk heimshagkerfisins. Í löngum uppsveiflum eykst skuldsetning fyrirtækja og einstaklinga og það má því segja að veiran komi fram á versta tíma fyrir marga. Gagnaðgerðir stærstu seðlabanka heimsins og ríkisstjórna eru þó kröftugar og til þess fallnar að draga úr verðlækkunum á verðbréfum. Frá árinu 2008 hafa seðlabankar heimsins staðið fyrir stórtækum inngripum á verðbréfamörkuðum, en þó aldrei sem nú. Í upphafi mátti líkja þessum aðgerðum við það að kenna barni að hjóla með því að setja hjálpardekk á hjólið, en nú er barnið orðið fullstórt til að treysta á þessa nálgun. Seðlabankar heimsins eru lánveitendur til þrautarvara, en ekki verður annað séð en að hlutverk þeirra sé að breytast í kaupanda verðbréfa til þrautarvara, sem hlýtur að valda öllum grandvörum fjárfestum áhyggjum. Vegna þessara inngripa er raunávöxtun erlendra ríkiskuldabréfa nú víðast hvar neikvæð og því er full ástæða til aðgætni hvað varðar fjárfestingar Lífsverks erlendis. Búast má við því að góð tækifæri gefist í þeirri niðursveiflu sem nú gengur yfir þrátt fyrir íhlutun seðlabankanna.

Sjóðfélagalán

Hlutfall lána til sjóðfélaga af heildareignasafni er hærra hjá Lífsverki en gengur og gerist hjá öðrum lífeyrissjóðum. Sjóðfélagar kjósa nú sem áður að taka lán hjá Lífsverki og þjónusta starfsmanna Lífsverks á þessu sviði þykir vera persónuleg og góð. Á árinu 2019 féll ávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði afar hratt og því þurfti stjórn sjóðsins að gera nokkrar breytingar á vöxtum lána til sjóðfélaga. Nokkuð bar á uppgreiðslum lána um tíma, en eftir síðustu breytingu vaxta vorið 2020 má búast við því að jafnvægi náist á ný. Stjórn sjóðsins og starfsmenn eru meðvitaðir um þá áhættu sem fylgir lánveitingum til sjóðfélaga en hafa ber í huga að veðþekja er góð og hámarkslánsupphæð er fremur lág.

Tryggingafræðileg staða

Í lok ársins 2018 var tryggingafræðileg staða neikvæð um 2,1% en var jákvæð um 0,1% í lok árs 2019. Sé tekið mið af góðri raunávöxtun eignasafnsins árið 2019 mátti búast við hagstæðari niðurstöðu, en skýringin er sú að við mat á skuldbindingum Lífsverks í lok ársins 2019 er miðað við nýjan reiknigrundvöll Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, með uppfærðum lífslíkutöflum og sérstakri aðlögun að reynslu sjóðsins. Það er auðvitað sérstakt gleðiefni að sjóðfélagar Lífsverks virðast lifa lengi, en að þessu sinni kemur það niður á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Rekstur sjóðsins

Hjá Lífsverki starfa átta starfsmenn í fullu starfi. Þrátt fyrir fjölgun sjóðfélaga og veruleg umsvif vegna lánveitinga tókst að skila rekstrinum innan kostnaðaráætlunar árið 2019. Hlutfall rekstrarkostnaðar af eignum sjóðsins lækkar enn og er nú 0,29%, en þar sem sjóðurinn vex hratt á milli ára er von til þess að þetta hlutfall lækki í 0,20% á næstu 10 árum. Hlutfall rekstrarkostnaðar af iðgjöldum er 6%.

Þakkir

Við í stjórn Lífsverks þökkum starfsmönnum sjóðsins góð störf á árinu 2019. Vaxandi umsvif og velgengni sjóðsins eru merki um árangur af frábæru starfi. Þá viljum við þakka endurgjöf frá sjóðfélögum sem settu sig í samband við stjórnarmenn og starfsmenn, m.a. hvað varðar vexti sjóðfélagalána.

Björn Ágúst Björnsson,
formaður stjórnar Lífsverks

Um sjóðinn

Lífsverk lífeyrissjóður var stofnaður árið 1954 af Verkfræðingafélagi Íslands og hét sjóðurinn þá Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands og síðar Lífeyrissjóður verkfræðinga. Sjóðurinn var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem byggði á aldurstengdum réttindum og tók upp sjóðfélagalýðræði. Stjórn sjóðsins er öll skipuð sjóðfélögum sem kosnir eru í rafrænu stjórnarkjöri, þar sem allir sjóðfélagar hafa kosningarétt.

Lífsverk er blandaður lífeyrissjóður sem starfrækir **samtryggingardeild og séreignar- og tilgreinda séreignardeild**. Sjóðurinn tekur bæði við skylduiðgjaldi í lífeyrissjóð og viðbótarlífeyrisparnaði. Í séreignardeild og tilgreindri séreignardeild býður sjóðurinn þrjár ávöxtunarleiðir með mismunandi áhættustigi, Lífsverk 1, Lífsverk 2 og Lífsverk 3. Í samtryggingardeild stendur sjóðfélögum til boða að velja milli þess að allt iðgjaldið renni í samtryggingarsjóð (samtryggingarleiðin), eða að 10% iðgjald renni í samtryggingarsjóð en það sem umfram er í séreignarsjóð (blandaða leiðin). Leiðirnar eru ólíkar með tilliti til erfanleika og útgreiðslna.

Samtryggingarleiðin felur í sér að allt skylduiðgjaldið rennur til samtryggingardeildar, sem veitir sjóðfélögum aukna tryggingarvernd og hærri ævilangan lífeyri. Réttindaávinnsla fyrir greidd iðgjöld er afar góð hjá sjóðnum. Réttindin felast í greiðslu ævilangs lífeyris, auk tryggingaverndar við starfsorkumissi, þ.e.örorku og barnalífeyri og greiðslu til eftirlifandi maka og barna við fráfall. Tryggingaverndin hefur verið ríkari en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum. Þá eykst mikilvægi þess að njóta ævilangs lífeyris stöðugt með hækkandi lífslíkum.



Blandaða leiðin er leið þar sem hluti skylduiðgjalds rennur í séreignardeild. Lífsverk er einn fárra lífeyrissjóða sem býður þennan valkost, sem veitir sjóðfélögum aukinn sveigjanleika þegar kemur að útgreiðslu lífeyris. Grunnur þessarar leiðar er sá að vegna góðrar réttindaávinnslu í sjóðnum nægir 10% iðgjald til samtryggingardeildar til þess að standa undir lágmarkstryggingavernd samkvæmt lögum, sem miðast við að á 40 ára inngreiðslutíma ávinni sjóðfélagi sér 56% af meðallaunum í ævilangan lífeyri. Sjóðfélagi hefur því val um að ráðstafa því sem umfram er 10% iðgjald til samryggingar eða séreignar. Sá hluti sem rennur til séreignar erfist við andlát og enginn erfðafjárskattur er greiddur ef erfingjar eru maki eða börn. Hægt er að velja milli þriggja ávöxtunarleiða og þannig geta yngri sjóðfélagar og þeir sem hafa meira áhættuþol, valið áhættumeiri leiðir og þeir sem eldri eru dregið úr áhættunni. Sjóðfélagar geta flutt séreign sína milli leiða sér að kostnaðarlausu.

Árið 2014 var nafni sjóðsins breytt í Lífsverk lífeyrissjóður. Samþykktum sjóðsins var breytt á árinu 2015 og inngönguskilyrði rýmkuð, þannig að nú geta allir orðið sjóðfélagar sem lokið hafa grunnnámi frá viðurkenndum háskóla. Lífsverk er eini lífeyrissjóðurinn á Íslandi sem eingöngu er opinn háskólamenntuðum. Öllum er heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um. Lánareglur sjóðsins hafa verið útvíkkaðar þannig að nú geta þeir sem eingöngu greiða viðbótarsparnað til sjóðsins sótt um lán með sömu kjörum og almennir sjóðfélagar.

Lífsverk hefur vaxið hratt á liðnum árum. Sjóðurinn stækkaði um 17,7% á árinu og námu heildareignir 104,6 milljörðum króna. Hrein eign til greiðslu lífeyris í samtryggingardeild nam 86,0 milljörðum og í séreignar- og tilgreindri séreignardeild 18,6 milljörðum. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 2,7% á árinu.

Gildi sjóðsins eru:

- Heilindi
- Jákvæðni
- Ábyrgð

Ávöxtun og þróun markaða

Ávöxtun samtryggingardeildar

Nafnávöxtun samtryggingardeildar Lífsverks var 11,7% og hrein raunávöxtun 9,0%, samanborið við 4,4% nafnávöxtun og 1,1% raunávöxtun 2018. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár er 4,9% og meðaltal síðustu 10 ára er 3,8%.

Þróun markaða

Árið 2019 var hagstætt á eignamörkuðum innanlands sem erlendis og var ávöxtun sjóðsins með ágætum. Úrvalsvísitala innlendra hlutabréfa hækkaði um 33,2% en þar munaði mestu um verulega hækkun Marel hf. sem hækkaði um 68% á árinu. Erlendar hlutabréfavísitölur hækkuðu einnig. Þannig hækkaði heimsvísitalan MSCI mæld í Bandaríkjadal 25,2%, bandaríska S&P500 vísitalan hækkaði um 28,9%, breska FTSE vísitalan hækkaði um 12,1% og einnig varð góð hækkun á norrænu hlutabréfamörkuðunum. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa innanlands og erlendis lækkaði á árinu sem leiddi til hækkana á markaðsvirði bréfanna. Þess ber þó að geta að hluti eignasafns Lífsverks er gerður upp á kaupkröfu og því nýtur sjóðurinn ekki þessara hækkana að öllu leyti. Krónan veiktist um 4,1% gagnvart Bandaríkjadal og 1,9% gagnvart evru, sem hafði því jákvæð áhrif til viðbótar á erlendar fjárfestingar.

Hrein eign til greiðslu lífeyris
Samtryggingardeild



Hrein raunávöxtun
Samtryggingardeild



Iðgjöld og lífeyrir

Iðgjöld

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til samtryggingardeildar sjóðsins námu 3.808 m.kr. sem er aukning um 5% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 2.964. Virkum sjóðfélögum fjölgar um 4,3% á milli ára.

Fjöldi þeirra sem greiddu í sjóðinn á árinu var 3.245. Af þeim eru um 76% karlar og 24% konur. Hlutfall kvenna hækkar 2% milli ára. Meðalaldur virkra sjóðfélaga er 44,5 ár. Fjöldi launagreiðenda sem greiddu í sjóðinn var 1.269 samanborið við 1.184 árið áður. Alls eiga 5.094 réttindi í sjóðnum í lok árs 2019 sem er 3,3% aukning frá fyrra ári.

Iðgjöld	2019	2018	% breyting milli ára
Iðgjöld í m.kr.	3.808	3.626	5,0%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	2.964	2.842	4,3%
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	5.094	4.932	3,3%

Aldurstengd réttindaávinnsla samtryggingardeildar er góð í samanburði við aðra samtryggingarsjóði. Miðað við 12% skylduiðgjald í samtryggingardeild er ávinningur réttinda að meðaltali 1,89% ári en lágmark samkvæmt lögum er 1,40% á ári miðað við 40 ára innborgunartíma. Nýjar réttindatöflur tóku gildi 1.1.2015 og hækkaði ávinningur fyrir hvert iðgjald við þær breytingar. Réttindatöflum var aftur breytt 1.1.2018 og 1.1.2020, lítillega til lækkunar, í samræmi við ákvæði samþykkta um að mismunur á verðmæti iðgjalda og framtíðarskuldbindinga reiknist ekki meira en 3% eða minna en -1% af framtíðarskuldbindingum.

Samanlögð iðgjöld ársins 2019 námu 5.992 m.kr. og námu samanlagðar lífeyrisgreiðslur 1.297 m.kr. Hlutfall lífeyris af samanlögðum iðgjöldum var 21,6%.

Iðgjöld í séreignardeild námu 2.184 m.kr. Er það hækkun um 16,9% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.107 og jókst um 4,6% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega var 78 og lífeyrisgreiðslur voru 119 m.kr. eða sem nemur 5,4% af iðgjöldum.

Iðgjöld
Samtryggingardeild



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga
Samtryggingardeild



Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samtryggingardeildar samanstanda af ævilöngum lífeyri til sjóðfélaga auk maka-, barna- og örorkulífeyris. Tryggingaverndin er betri en tilskilið lágmark samkvæmt lögum og ríkari en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum.

Á árinu námu lífeyrisgreiðslur 1.297 m.kr. og jukust um 28,2% frá fyrra ári. Hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum var 21,6% og hækkaði um 6,3% milli ára. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 503 og fjölgaði um 40 milli ára.

Hlutfallsleg skipting lífeyrisgreiðslna var þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega voru 80,2% af heildar lífeyrisgreiðslum ársins, eða samtals 914,7 m.kr., makalífeyrir var 8,8% eða 100,1 m.kr., örorkulífeyrir var 9,7% eða 110,8 m.kr. og barnalífeyrir var 1,4% eða 15,6 m.kr.

Örorkutíðni sjóðfélaga er ennþá með því lægsta sem gerist hjá lífeyrissjóðum. Það þýðir að sjóðurinn getur varið hærra hlutfalli af iðgjöldum til eftirlaunagreiðslna en margir aðrir sjóðir.

Lífeyrir	2019	2018	% breyting milli ára
Lífeyrisgreiðslur	1.178	1.012	16,4%
Meðalfjöldi lífeyrisþega	503	463	8,6%

Meðalfjöldi lífeyrisþega
Samtryggingardeild



Lífeyrir
Samtryggingardeild



Rekstur og áætlun

Rekstur sjóðsins gekk vel á árinu 2019. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 261,6 m.kr. á árinu samanborið við 238,9 m.kr. árið 2018 og hækkar um 9,5% milli ára en áætlun gerði ráð fyrir 13% hækkun milli ára. Átta starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum allt árið 2019 en meðalfjöldi starfsmanna var 7,75 árið 2018. Laun framkvæmdastjóra, forstöðumanns eignastýringar, stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar námu 57,2 m.kr. á árinu 2019 samanborið við 53,9 m.kr. á árinu 2018.

Áætlun ársins 2020 gerir ráð fyrir 5% hærri kostnaði en árið 2019 sem skýrist einkum af auknu umfangi við rekstur sjóðsins. Áætlun gerir ráð fyrir að hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar af meðalstöðu eigna lækki áfram 2020 og verði 0,28%, samanborið við 0,29% 2019, 0,30% 2018 og 0,31% 2017.



Áhættustefna

Áhættustefna sjóðsins er sett í samræmi við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með starfsemi lífeyrissjóða. Hún er yfirfarin og uppfærð árlega.

Tilgangurinn með áhættustefnu sjóðsins er að skilgreina skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, að skilgreina þá áhættuþætti sem sjóðurinn vill fylgjast með og hvernig það verður gert. Þá leggur sjóðurinn mat á mikilvægi hvers áhættuþáttar með flokkun sem endurspeglar forgangsröðun við áhættustýringu á hverjum tíma. Metnar eru líkur á tiltekinni áhættu og þeim afleiðingum sem hún gæti valdið.

Áhætta er skilgreind sem hætta á atburði sem dregur úr líkunum á því að lífeyrissjóðurinn nái því meginmarkmiði sínu að greiða út lífeyri samkvæmt samþykktum. Áhætta samtryggingardeildar er því skilgreind sem öll þau atvik sem geta haft marktæk áhrif á getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar þannig að tryggingafræðileg staða verði neikvæð til skemmri eða lengri tíma. Áhættan nær bæði til atvika er lúta að eignum og skuldbindingum. Áhætta séreignardeilda er því öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að eignir eða réttindi rétthafa skerðist til skemmri eða lengri tíma.

Áhættu sjóðsins er skipt í fjárhagslega áhættu, lausafjáráhættu, mótaðilaáhættu, lífeyristryggingaráhættu (eingöngu samtryggingardeild) og rekstraráhættu.

Fjárhagsleg áhætta

Ársfjórðungslega gerir sjóðurinn ítarlega skýrslu um fjárhagslega áhættu, þar sem farið er ofan í þá áhættuþætti sem taldir eru upp hér fyrir neðan undir fjárhagsleg áhætta.

Ýmsar næmnisgreiningar eru gerðar og áhrif þeirra á eignasafnið metin. Sem dæmi er vaxtaáhætta verðtryggðra og óverðtryggðra vaxta skoðuð. Þar er mælt hvaða áhrif 1% breyting á vöxtum hefur á markaðsvirði eignasafnsins út frá mismunandi líftíma. Þá eru verðbreytingar helstu gjaldmiðla skoðaðar og hvaða áhrif verðbólga hefur á tryggingafræðilega stöðu.

Einnig eru ýmsar sviðsmyndir settar fram þar sem áhrif ýmissa þátta á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins eru metin. Þar er verðbólguskot skoðað, miklar verðbreytingar á erlendum og innlendum hlutabréfamörkuðum og sveiflur á gengi krónunnar svo dæmi séu nefnd.

Reiknað er út ársfjórðungslegt og árlegt fé í húfi (e. VaR) miðað við 99% vissu, bæði út frá uppgjöri á kaupkröfu og markaðskröfu. VaR er notað til að meta líkur á tilteknu tapi miðað við núverandi eignasafn og söguleg gögn. Staðalfrávik er notað til að meta sveiflur eignasafna.

Lífeyristryggingar-áhætta	Lausafjáráhætta	Mótaðilaáhætta	Fjárhagsleg áhætta	Rekstraráhætta
• Skerðingaráhætta • Iðgjaldaáhætta • Umhverfisáhætta • Lýðfræðileg áhætta • Réttindaflutnings-áhætta	• Seljanleikaáhætta • Útstreymisáhætta	• Útlánaáhætta • Samþjöppunar-áhætta • Landsáhætta • Afhendingaráhætta • Uppgjörsáhætta	• Vaxta og endur-fjárfestingaáhætta • Uppgreiðslu-áhætta • Markaðsáhætta • Gjaldmiðlaáhætta • Ósamræmisáhætta (á ekki við um séreign) • Verðbólguáhætta • Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings	• Starfsmannaáhætta • Áhætta vegna svika • Áhætta vegna upplýsingatækni • Orðsporsáhætta • Pólitísk áhætta / lög og reglur • Skjalaáhætta • Úrskurðaráhætta lífeyris • Áhætta vegna útvistunar • Upplýsingaáhætta

Ítarlega er fjallað um áhættuþætti í starfsemi sjóðsins og áhættustýringu í skýringu nr. 30 í ársreikningi.

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins er mótuð árlega og samþykkti stjórn Lífsverks fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2020 í nóvember sl. Hver eignaflokkur var metinn út frá stöðu markaða og framtíðarhorfa þar sem litið var til samspils áhættu og ávöxtunar. Við mat á áhættustigi sjóðsins var litið til mats á skuldbindingum hans, framtíðargreiðsluflæði, aldurssamsetningar sjóðfélaga og tryggingafræðilegrar stöðu. Auk þess var samspil eigna og skuldbindinga skoðað út frá því hversu næmt safnið var með tilliti til verðbólgu og breytingar vaxta. Í kjölfarið voru gerðar ýmsar sviðsmyndir. Í framhaldi af þessari vinnu var sett fram fjárfestingarstefna sjóðsins ásamt fjárfestingarheimildum.

Auk markmiða í hverjum eignaflokki eru sett ákveðin vikmörk en tilgangur þeirra er að sjóðurinn geti nýtt sér makaðsaðstæður á hverjum tíma eða brugðist við óvæntum aðstæðum.

Ef borin er saman eignasamsetning samtryggingardeildar í lok árs 2019 við fjárfestingarstefnu fyrir árið 2020 eru helstu breytingar þær að markmið um vægi veðskuldabréfa og sjóðfélagalána hækkar en vægi ríkisskuldabréfa lækkar. Vægi innlendra hlutabréfa lækkar lítillega en erlendra hækkar og markmið um vægi erlendra skuldabréfa hækkar nokkuð. Vægi sérsniðinna fjárfestinga, þ.e. vogunarsjóða, erlendra fasteignasjóða og annarra erlendra sjóða sem hafa litla fylgni við aðra eignaflokka hækkar nokkuð. Frá árinu 2009 hefur orðið gjörbreyting á viðhorfi sjóðsins og aðferðafræði við eignastýringu en fyrir þann tíma var enginn starfsmaður í eignastýringu hjá sjóðnum. Lögð er áhersla á virka áhættudreifingu í eignasafninu og traustar fjárfestingar og hefur engin stefnubreyting orðið í þeim efnum milli ára. Markmið sjóðsins er traust og örugg ávöxtun til lengri tíma litið.

Eignasafn samtryggingardeildar í erlendum gjaldmiðlum nemur 24,1% í árslok samanborið við 22,6% í ársbyrjun. Markmið sjóðsins til lengri tíma er að auka enn vægi erlendra eignaflokka.

Viðmið eignaflokka

Hver undirflokkur eigna hefur sitt viðmið og er árangur og flökt hvers flokks borin reglulega saman við árangur og flökt viðmiðs. Viðmið eignaflokka eru í töflu hér fyrir neðan.

Fjárfestingarstefna 2020
Samtryggingardeild



Viðmið eignaflokka

Innlán	Innlánskjör í viðskiptabanka Lífsverks
Veðskuldabréf	Kaupkrafa safns við áramót 2019/2020
Innlend ríkisskuldabréf	Markaðsvegin vísitala ríkisskuldabréfa Nasdaq
Önnur innlend skuldabréf	Vísitala fyrirtækjaskuldabréfa Gamma
Innlend hlutabréf	Markaðsvegin hlutabréfavísitala OMX
Erlend hlutabréf	MSCI AC (heimsvísitala hlutabréfa)
Erlend skuldabréf	Barclays Global-Aggregate TR
Sérsniðnar fjárfestingar	MSCI AC (heimsvísitala hlutabréfa)

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg athugun er gerð af tryggingastærðfræðingi sjóðsins. Í henni felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda, sem metið er samkvæmt tryggingafræðilegri aðferð, við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem leyfilegur er milli eignaliða og skuldbindinga án þess að gera þurfi nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Ef munur eigna og skuldbindinga fer upp fyrir 10% eða helst meiri en 5% samfellt í 5 ár þarf samkvæmt lögum að skerða eða auka réttindi sjóðfélaga.

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun í lok árs 2019 var heildartryggingafræðileg staða sjóðsins jákvæð um 0,1% samanborið við 2,1% neikvæða stöðu í lok fyrra árs. Staða áfallinna skuldbindinga var jákvæð um 0,7% en staða framtíðarskuldbindinga var neikvæð um 0,96%. Athugunin nú er byggð á mati á dánar- og lífslíkum, sem tekur til reynslu áranna 2014 – 2018. Breytt mat á dánar- og lífslíkum frá fyrra ári hefur áhrif til lækkunar á heildarstöðu um 1,0%.

Það er ánægjulegt að heildartryggingafræðileg staða sjóðsins batnar nú milli ára og er aftur orðin jákvæð.

Tryggingafræðileg staða



Hlutfall heildareigna af heildarskuldbindingum



Verðbréfaeign og fjárfestingar

Verðbréfaeign í árslok

Alls nam verðbréfaeign samtryggingardeildar 83.659 m.kr. í lok ársins. Samsetning verðbréfasafnsins var innan vikmarka fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Bankainnstæður voru 3,6% af verðbréfaeign sjóðsins, veðskuldabréf voru 30,8%, önnur innlend skuldabréf voru 22,1%, innlend hlutabréf voru 20,8%, erlend skuldabréf voru 4,4%, erlend hlutabréf voru 15,2% og sérsniðnar fjárfestingar voru 3,1%.

Vægi hlutabréfa, sérsniðinna fjárfestinga og innlána hækkaði milli ára en vægi skuldabréfa lækkaði.

Fjárfestingar

Samtryggingardeild (m. kr.)

Fjárfestingar	Kaup	Sala/afborgun	Alls
Lausafjársjóðir	3.085	-2.463	622
Veðskuldabréf	4.987	-4.947	40
Innlend skuldabréf	2.148	-2.668	-520
Innl. hlutabréf	4.124	-3.248	876
Erl. Skuldabréf	1.152	-2.329	-1.177
Erl. Hlutabréf	3.584	-3.651	-67
Sértækar fjárfestingar	578	-166	412
Samtals	19.080	-19.473	186

Innlend skuldabréf

Samtryggingardeild



Skipting eigna í erlendum gjaldmiðlum

Samtryggingardeild



Hlutabréfasafn stærstu eignir

Samtryggingardeild



Verðbréfaeign í árslok

Samtryggingardeild



Sjóðfélagalán

Sjóðfélagar og rétthafar í séreign hafa lánsrétt hjá sjóðnum en þurfa að greiða lágmarksiðgjald á ári til að njóta bestu lánakjara. Hámarksfjárhæð grunnlána er 45 m.kr. og viðbótarlána 20 m.kr. Heimilt að taka fleiri en eitt grunnlán og viðbótarlán upp að þessum mörkum svo fremi að veðhlutfall leyfi, en lánað er upp að 70% af markaðsvirði fasteigna samkvæmt nýlegum kaupsamningi. Miðað er við fasteignamat við endurfjármögnun. Lánstími er frá 5 – 40 árum. Ekkert uppgreiðslugjald er á lánunum og lántakendur geta greitt inn á höfuðstól lána að vild.

Sjóðfélögum, sem eru að kaupa sína fyrstu eign, gefst kostur á láni upp að 85% veðhlutfalli af söluvirði samkvæmt kaupsamningi. Með þeirri breytingu sem á lánareglum sem gerð var 1. mars 2018 vill stjórn sjóðsins sérstaklega koma til móts við þá sjóðfélaga sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign. Samhliða þessari breytingu var ákveðið að bjóða nýjan flokk verðtryggðra lána með föstum vöxtum út lánstímann. Sjóðfélagar geta því valið milli verðtryggðra lána með breytilegum eða föstum vöxtum, eða óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum.

Nokkur lækkun hefur verið í lánveitingum frá síðasta ári. Heildarfjárhæð nýrra sjóðfélagalána nam 4.636 m.kr. en á árinu 2018 námu ný lán til sjóðfélaga 6.300 m.kr. Heildarfjárhæð sjóðfélagalána í árslok 2019 nam 18.758 m.kr. í samanburði við 17.828 m.kr. í árslok 2018 og hækkar um 5,2%. Sjóðurinn hefur verið þekktur fyrir hagstæð lán til sjóðfélaga og hefur ekki orðið breyting á þeirri stefnu en samkeppni á lánamarkaði hefur hins vegar aukist mjög á síðustu árum. Sjóðfélagalán eru góður eignaflokkur hjá sjóðnum og vanskil hafa verið fátíð, enda sjóðfélagar almennt góðir og traustir greiðendur.

Hlutfall sjóðfélagalána af hreinni eign samtryggingardeildar var 22,0% og lækkar um 2% milli ára.

Ný sjóðfélagalán



Staða sjóðfélagalána í lok árs



Séreignardeild og tilgreind séreignardeild

Öllum er heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um. Erfitt er að finna sparnaðarform sem stenst samanburð við viðbótarlífeyrissparnað.

Í maí 2014 voru samþykkt lög á Alþingi sem heimila skattfrjálsa ráðstöfun iðgjalda séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána eða til húsnæðiskaupa. Heimildin var tímabundin til 30. júní 2019 en var framlengd til 30. júní 2021. Lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð voru samþykkt á Alþingi í október 2016. Samkvæmt þeim má nýta séreignarsparnað skattfrjálst í allt að 10 ár vegna fyrstu kaupa, sem hluta af útborgun og síðan greiðslur inn á höfuðstól verðtryggðra lána eða inn á afborganir og höfuðstól óverðtryggðra lána.

Þegar valin er blönduð leið hjá sjóðnum greiðast 10% af skylduiðgjaldi í samtryggingarleið en það sem umfram er rennur til séreignar viðkomandi sjóðfélaga. Skylduiðgjald er 12% samkvæmt lögum. Árið 2016-2018 hækkaði iðgjaldið í áföngum upp í 15,5% samkvæmt flestum kjarasamningum á almennum markaði, með svonefndu SALEK samkomulagi. Iðgjaldið var 15,5% allt árið 2019. Hækkunin tekur einungis til mótframlags launagreiðanda en framlag launþega er áfram óbreytt. Með því að velja blönduðu leiðina gefst sjóðfélögum aukið svigrúm til úttektar á lífeyri og meiri sveigjanleiki við starfslok. Þannig er heimilt samkvæmt lögum að hefja úttekt á séreignarsparnaði við 60 ára aldur með eingreiðslu eða jöfnum greiðslum yfir tiltekið tímabil. Úttektarmörk tilgreindrar séreignar eru miðuð við 62 ára aldur. Séreign erfist við fráfall sjóðfélaga og ef erfingjar eru maki eða börn greiðist enginn erfðafjárskattur.

Við mótun nýrrar fjárfestingarstefnu séreignarleiðanna fyrir árið 2020 voru gerðar lítilsháttar breytingar á fjárfestingarstefnu leiðanna. Engar breytingar eru gerðar á markmiði um stöðu skuldabréfa milli ára en hlutfalli undirflokka skuldabréfa er þó breytt. Þar er hlutfall ríkisskuldabréfa lækkað og hlutfall annara skuldabréfa aukið, sérstaklega sértryggðra skuldabréfa og fyrirtækjaskuldabréfa. Engar breytingar eru gerðar á heildarstöðu hlutabréfa, en í leið 2 er hlutfall innlendra eigna aukið lítillega á kostnað hlutfall erlendra eigna til samræmis við stefnu í leið 1.

Sjóðfélagar geta fært séreign á milli ávöxtunarleiða sjóðsins endurgjaldslaust eða ákveðið að breyta um ávöxtunarleið sem greitt er til með því að fylla út beiðni þar um. Við hvetjum sjóðfélaga til þess að skoða áhættuþol sitt sem getur breyst með hækkandi aldri og þegar nær dregur töku lífeyris. Sjóðfélögum er velkomið að hafa samband við starfsmenn sjóðsins til að fara yfir áhættustig og eignasamsetningu séreignarleiðanna.





Jákvæð nafnávöxtun var á öllum séreignarleiðum Lífsverks á árinu 2019. Séreignarleiðirnar eru gerðar upp á markaðsvirði og er gengi reiknað daglega. Fjárfestingarstefna séreignarleiðanna kveður á um markmið eignasamsetningar verðbréfa eftir helstu eignaflokkum með ákveðnum vikmörkum.

Lífsverk 1

Nafnávöxtun Lífsverks 1 var 15,9% á árinu 2019 og hrein raunávöxtun 12,9%. Iðgjöld námu 365 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 20 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 2.485 m.kr. Alls greiddu 653 sjóðfélagar að jafnaði iðgjald í leiðina á árinu og 4 fengu greiddan lífeyri.

Lífsverk 2

Nafnávöxtun Lífsverks 2 var 12,8% á árinu 2019 og hrein raunávöxtun 9,9%. Iðgjöld námu 1.735 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 97 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 15.702 m.kr. Alls greiddu 2.330 sjóðfélagar að jafnaði iðgjald í leiðina á árinu og 71 fékk greiddan lífeyri.

Lífsverk 3

Nafnávöxtun Lífsverks 3 var 5,4% á árinu 2019 og hrein raunávöxtun 2,7%. Iðgjöld námu 84 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 1,6 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 417 m.kr. Alls greiddu 124 sjóðfélagar að jafnaði iðgjald í leiðina á árinu og 3 fengu greiddan lífeyri.







Stjórn

Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, sem skipaðir eru til þriggja ára í senn. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn kosnir í rafrænu stjórnarkjöri og tveir varamenn á aðalfundi. Þriðja árið er einn aðalmaður kosinn í rafrænu kjöri og einn til vara á aðalfundi.

Á árinu 2020 ber að kjósa um tvo aðalmenn í stjórn, eina konu og einn karl, og tvo varastjórnarmenn. Bæði Agnar Kofoed Hansen varaformaður og Margrét Arnardóttir, sóttust eftir endurkjöri. Sjö framboð bárust um stjórnarsæti karls í stjórn en ekkert annað framboð kvenna og er Margrét því réttkjörin í stjórn til næstu þriggja ára.

Engar breytingar urðu á stjórn Lífsverks 2019.

Í stjórn eru (kjörtímabili lýkur):
Björn Ágúst Björnsson, formaður (2022)
Agnar Kofoed-Hansen, varaformaður (2020)
Eva Hlín Dereksdóttir (2021)
Margrét Arnardóttir (2020)
Unnar Hermansson (2021)

Varastjórnarmenn:
Arnar Ingi Einarsson (2022)
Gnýr Guðmundsson (2021)
Helga Viðarsdóttir (2020)
Stefán Kári Sveinbjörnsson (2020)
Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (2021)

Stjórnin kom saman 15 sinnum frá síðasta aðalfundi. Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar. Samkvæmt lögum um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóðir, starfrækja endurskoðunarnefnd. Í endurskoðunarnefnd starfsárið 2019 – 2020 eru:

Agnar Kofoed-Hansen
Margrét Arnardóttir
Þráinn Valur Hreggviðsson, formaður

Björn Ágúst Björnsson, stjórnarformaður

Agnar Kofoed-Hansen, varaformaður

Eva Hlín Dereksdóttir

Margrét Arnardóttir

Unnar Hermannsson

Starfsmenn

Árni Grétarsson, fjármálastjóri og ábyrgðarmaður áhættustýringar

Elísabet Katrín Jósefsdóttir, móttaka og iðgjaldaskráning

Eymundur Freyr Þórarinsson, sjóðstjóri í eignastýringu

Herdís Óskarsdóttir, bókhald og lífeyrismál

Hreggviður Ingason, forstöðumaður eignastýringar

Jón L. Árnason, framkvæmdastjóri

Svanhildur Sigurðardóttir, markaðs- og kynningarstjóri

Þórhallur S. Barðason, verðbréfabókhald

Starfsmenn:
Á árinu störfuðu 8 starfsmenn hjá sjóðnum:
Árni Grétarsson, fjármálastjóri og ábyrgðarmaður áhættustýringar
Elísabet Katrín Jósefsdóttir, móttaka og iðgjaldaskráning
Eymundur Freyr Þórarinsson, sjóðstjóri í eignastýringu
Herdís Óskarsdóttir, bókhald og lífeyrismál
Hreggviður Ingason, forstöðumaður eignastýringar
Jón L. Árnason, framkvæmdastjóri
Svanhildur Sigurðardóttir, markaðs- og kynningarstjóri
Þórhallur S. Barðason, verðbréfabókhald

Sjóðfélagar eru velkomnir á skrifstofu sjóðsins að Engjateigi 9 til að leita ráðgjafar um lífeyrismál eða annað sem snýr að rekstri sjóðsins. Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9 – 16. Einnig má senda erindi í tölvupósti á lifsverk@lifsverk.is eða hafa samband í síma 5751000.

Stjórnarháttayfirlýsing
Mars 2020

Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari eru uppfylltar kröfur sem fram koma í 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Yfirlýsing þessi er hluti af skýrslu stjórnar með ársreikningi 2019.

Lífsverk lífeyrissjóður leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Sjóðurinn víkur þó að hluta frá leiðbeiningunum, einkum þar sem efnistök eiga ekki við um lífeyrissjóði. Má þar helst nefna atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa, starfskjarastefnu, starfskjaranefnd og tilnefningarnefnd. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á www.leidbeiningar.is.

Lífsverk lífeyrissjóður starfar á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykkta sjóðsins. Lög og reglur sem varða starfsemi lífeyrissjóða er hægt að nálgast á heimasíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, www.fme.is. Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku iðgjaldi sjóðfélaga og ávaxta það ásamt því að greiða sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og við andlát þeirra maka- og barnalífeyri. Lífeyrissjóðurinn veitir samþætt lífeyrisréttindi á grundvelli iðgjalds sem skiptist milli samtryggingar- og séreignardeilda sjóðsins. Til séreignardeilda greiðast ennfremur viðbótariðgjöld skv. ákvörðun sjóðfélaga.

Stjórn sjóðsins hefur sett Samskipta- og siðareglur fyrir starfsmenn og stjórnarmenn sjóðsins. Reglunum er ætlað að stuðla að góðum og heiðarlegum starfsháttum og samskiptum, að viðhalda trausti sjóðfélaga og viðskiptaaðila, efla trúverðugleika sjóðsins og draga úr hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu. Þá er þeim ætlað að draga fram gildi sjóðsins sem stjórnarmenn og starfsmenn byggja á í sínum störfum, sem eru: Heilindi, jákvæðni, ábyrgð. Í reglunum er m.a. fjallað um góða starfshætti, þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga, samfélagslega ábyrgð og reglur um gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir. Reglurnar eru birtar á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn hefur einnig sett sér Upplýsingastefnu, þar sem meðal annars kemur fram að vilji er til þess að sjóðurinn standi framarlega í því að nýta sér þá tækni sem gagnast getur við upplýsingagjöf til sjóðfélaga og ástundi reglulega þróun á framsetningu upplýsinga. Upplýsingastefna stjórnar er birt á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur sett Hluthafastefnu, sem gildir um fjárfestingar sjóðsins í skráðum og óskráðum hlutafélögum. Tilgangur stefnunnar er að stuðla að auknu gagnsæi og upplýsingagjöf til sjóðfélaga og upplýsa aðra hagsmunaaðila um afstöðu sjóðsins til stjórnarhátta í þeim félögum sem sjóðurinn á hlut í. Jafnframt er stefnunni ætlað að skapa aðhald gagnvart þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í á hverjum tíma. Hluthafastefna er birt á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur sett stefnu um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar, þar sem sett eru fram markmið með ábyrgum fjárfestingum og markmið um ábyrgð í rekstri og umhverfi. Markmið Lífsverks er að vera í fararbroddi lífeyrissjóða á Íslandi þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð.

Stjórn sjóðsins hefur sett stefnu um meðferð persónuupplýsinga sem byggir á lögum 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þar kemur fram að sjóðurinn leggur sig fram við að meðhöndla persónuupplýsingar af ábyrgð og trúnaði, safna aðeins þeim gögnum sem nauðsynleg eru í starfsemi sjóðsins, afhenda þau ekki þriðja aðila nema að fengnu samþykki og farga um leið og unnt er. Sjóðfélagar geta óskað eftir aðgangi að eigin persónuupplýsingum sem sjóðurinn vistar um þá og tekur sjóðurinn slíkar beiðnir til greina svo fremi lög og reglugerðir eða réttindi annarra standi ekki í vigi fyrir því.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal sjá til þess að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og samþykkta sjóðsins. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún hefur skilgreint skipulag innra eftirlits þar sem meginatriði innra eftirlits sjóðsins koma fram, sbr. 8. tl. 29. gr. laga nr. 129/1997. Innri endurskoðandi sjóðsins er Deloitte ehf. og ytri endurskoðandi KPMG.

Stjórn sjóðsins hefur mótað áhættustefnu í samræmi við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Í áhættustefnunni er fjallað um áhættuþætti í rekstri sjóðsins, s.s. markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu og mótaðilaáhættu. ALM Verðbréf gefa út áhættuskýrslur fyrir sjóðinn, sem lagðar eru fyrir stjórn ársfjórðungslega. Markmiðið með skýrslunum er að stjórn og þeir sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu sjóðsins og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk.

Stjórn sjóðsins samanstendur af 5 stjórnarmönnum og 5 til vara. Stjórnarmenn eru kosnir með rafrænum kosningum af sjóðfélögum sjálfum en varastjórnarmenn eru kosnir á aðalfundi sjóðsins. Stjórnarmenn og varastjórnarmenn eru kosnir til 3 ára í senn og mega lengst sitja í stjórn í þrjú kjörtímabil.

Aðalmenn í stjórn sjóðsins eru , Björn Ágúst Björnsson, formaður, Agnar Kofoed-Hansen, varaformaður, Eva Hlín Dereksdóttir, Margrét Arnardóttir og Unnar Hermannsson. Stjórn hefur metið óháði stjórnarmanna í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og er það niðurstaða stjórnar að allir stjórnarmenn teljist vera óháðir. Stjórn skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn. Hlutverk stjórnar er skilgreint í samþykktum og starfsreglum stjórnar. Auk þess hefur stjórn sjóðsins lögbundnu hlutverki að gegna. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsvæði sjóðsins. Stjórn sjóðsins hélt 15 stjórnarfundi á árinu 2019.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar. Hlutverk hennar fer eftir ákvæðum laga um ársreikninga en samkvæmt þeim skulu einingar tengdar almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóðir, starfrækja endurskoðunarnefnd. Nefndina skipa Þráinn Valur Hreggviðsson, formaður, Agnar Kofoed-Hansen og Margrét Arnardóttir. Stjórn hefur sett nefndinni starfsreglur þar sem fram kemur m.a. markmið, heimildir, skipulag, fundarstörf, hlutverk og ábyrgð. Endurskoðunarnefnd hélt 4 fundi á árinu 2019.

Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og gerir við hann ráðningarsamning. Stjórnin setur reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá setur stjórnin verklagsreglur um verðbréfaviðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fær þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga nr. 129/1997, reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón L. Árnason.

Forstöðumaður eignastýringar er Hreggviður Ingason. Hann heyrir undir framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á daglegum rekstri eignastýringar, tekur þátt í mótun fjárfestingarstefnu og kemur að framkvæmd einstakra þátta áhættustefnu. Hann er skilgreindur sem lykilstarfsmaður.

Fjármálastjóri og ábyrgðamaður áhættustýringar er Árni Grétarsson. Hann ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu. Hann heyrir undir framkvæmdastjóra en hefur beinan aðgang að stjórn sem ábyrgðarmaður áhættustýringar. Hann sinnir einnig skrifstofustjórn, ber ábyrgð á veitingu sjóðfélagalána, lífeyrisúrskurðum, upplýsingamálum sjóðsins og sér um gerð árshlutauppgjörs og ársuppgjörs. Hann fylgir eftir að ársfjórðungslegar skýrslur um fjárhagslega áhættu séu gerðar og kynnir þær fyrir stjórn. Hann er skilgreindur sem lykilstarfsmaður.

Persónuverndarfulltrúi sjóðsins er Svanhildur Sigurðardóttir. Hún hefur umsjón með eftirfylgni persónuverndarstefnu, tekur við beiðnum einstaklinga um aðgang að eigin persónuupplýsingum og er tengiliður sjóðsins við Persónuvernd.

Deloitte ehf. annast innri endurskoðun sjóðsins. Sif Einarsdóttir, endurskoðandi, er þar í forsvari. Ytri endurskoðandi er Hrafnhildur Helgadóttir, KPMG ehf. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins er Bjarni Guðmundsson.

Einfalt skipurit sjóðsins má sjá hér:



Aðalfund sjóðsins skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert og eiga allir sjóðfélagar rétt til fundarsetu með tillögu- og atkvæðisrétti. Á aðalfundi skal taka fyrir skýrslu stjórnar; kynningu ársreiknings; gera grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt; gera grein fyrir fjárfestingarstefnu; greina frá niðurstöðu stjórnarkjörs; kjósa varastjórnarmenn; kjósa endurskoðendur og tvo fulltrúa í endurskoðunarnefnd; leggja fram tillögur á breytingum á samþykktum sjóðsins þegar þær liggja fyrir; ákvarða laun stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar; ræða önnur mál, löglega upp borin.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi Lífsverks lífeyrissjóðs 24. mars 2020.

Hluthafastefna

Stefna þessi gildir um fjárfestingar Lífsverks í skráðum og óskráðum hlutafélögum. Tilgangur stefnunnar er að stuðla að auknu gagnsæi og upplýsingagjöf til sjóðfélaga og upplýsa aðra hagsmunaaðila, svo sem stjórnendur og aðra hluthafa, um afstöðu Lífsverks til stjórnarhátta í þeim félögum sem sjóðurinn á hlut í. Jafnframt er stefnunni ætlað að skapa aðhald gagnvart þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í á hverjum tíma.

Markmið Lífsverks er að ávaxta eignasafn sjóðsins með sem bestum hætti með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og leggur áherslu á að þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í sé stýrt með langtímahagsmuni þeirra í huga.

Lífsverk leitast við að kanna hvort fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í fylgi viðurkenndum leiðbeinandi reglum um góða stjórnarhætti, ábyrgar fjárfestingar, samfélagslega ábyrgð og samskipta- og siðareglur á fjármagnsmarkaði.

Atkvæðagreiðsla sjóðsins á hluthafafundum skal alltaf mótast af áherslum þessarar hluthafastefnu.

Hluthafafundir

Lífsverk leitast við að sækja hluthafafundi þeirra félaga sem sjóðurinn á eignarhlut í. Framkvæmdastjóri fer með atkvæðisrétt sjóðsins á hluthafafundum eða annar sá aðili sem hann veitir umboð til að fara með atkvæðið. Lífsverk gengur út frá því að stjórn félags leitist ávallt við að gæta sem best langtímahagsmuna félagsins, sem fari saman við hagsmuni sjóðfélaga og því styður Lífsverk almennt tillögur stjórnar á hluthafafundum.

Val á stjórnarmönnum

Lífsverk leitast við að tilnefna fulltrúa í stjórnir fyrirtækja eigi sjóðurinn þess kost í krafti eignarhalds, ýmist einn eða í samstarfi við aðra hluthafa. Gerð er krafa til stjórnarmanna um að menntun þeirra og hæfi fái samrýmst þeirri ábyrgð sem þeir takast á hendur með stjórnarsetu í félaginu og að viðkomandi stjórnarmaður hafi tíma til að rækja störf sín af heilindum. Lífsverk leggur áherslu á að stjórnarmenn sem sjóðurinn tilnefnir eða styður opinberlega við kjör í stjórn fyrirtækis kynni sér hluthafastefnu sjóðsins og að viðkomandi einstaklingur sé líklegur til að vinna félaginu heilt til langs tíma og skamms. Lífsverk hefur ekki bein afskipti af stjórnarstörfum viðkomandi einstaklings eftir að hann hefur verið kosinn í stjórn þess fyrirtækis sem sjóðurinn fjárfestir í.

Stjórnarmenn Lífsverks taka ekki sæti í stjórn þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í, né heldur framkvæmdastjóri, nema með sérstöku samþykki stjórnar sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins geta tekið sæti í stjórnum, fjárfestingarráðum og ráðgjafarráðum fyrirtækja sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum tengdum starfsemi sjóðsins, eða fyrirtækjum sem sjóðurinn á hlut í og hafa eingöngu fjárvörslu og fjármálaumsýslu að markmiði.

Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um tilnefningu eða stuðning við ákveðna frambjóðendur í stjórnarkjöri.

Stjórnarhættir

Lífsverk gerir kröfu til fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í að þau tileinki sér og framfylgi, að svo miklu leyti sem unnt er, reglum NASDAQ, SA og Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja, eða öðrum viðurkenndum leiðbeiningum um sama efni.

Starfskjör stjórnenda

Lífsverk telur eðlilegt að við ákvörðun starfskjara forstjóra sé horft til stærðar og umfangs rekstrar og launadreifingar innan viðkomandi fyrirtækis og tekið mið af launakjörum á þeim markaði sem félagið starfar á. Við ákvörðun launa stjórnarmanna sé litið til umfangs og ábyrgðar starfsins. Sjóðurinn gerir þá kröfu að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar og rök fyrir breytilegum starfskjaraþáttum sem rúmast innan starfskjarastefnu, s.s. hvers konar árangurstengdum greiðslum og kaup- og söluréttum hlutabréfa, sem fari jafnframt saman við langtímamarkmið félagsins í þágu hluthafa. Telji Lífsverk tillögur til aðalfundar um stjórnarlaun eða starfskjör ekki í samræmi við það sem eðlilegt má teljast, kemur sjóðurinn þeim sjónarmiðum á framfæri.

Gagnsæi og nýliðun

Nýir sjóðfélagar

Undanfarin ár hefur það verið forgangsmál hjá sjóðnum að ná til nýrra sjóðfélaga, kynna þeim sérstöðu sjóðsins og hlusta á kröfur yngri kynslóða. Aukið gagnsæi og heiðarleiki eru þær kröfur sem ekki aðeins ungir sjóðfélagar gera til síns sjóðs heldur einnig þeir eldri. Til að mæta þeim kröfum hefur Lífsverk bætt upplýsingaflæði til muna, m.a. með því að:

- birta á vef upplýsingar um 10 stærstu eignir sameignar og séreignar
- birta í ársreikningi mun meiri sundurliðun á eignasafni sjóðsins en áður
- sett stefnu um að senda út fleiri rafræn fréttabréf til sjóðfélaga og fleira til að koma til móts við óskir um aukið gagnsæi.

Af sögulegum ástæðum hefur mesta nýliðun sjóðfélaga verið úr röðum verkfræðinga, þar er lítil breyting á en þó nokkuð hefur bæst við úr röðum annarra háskólamenntaðra fagstétta og nemenda eftir að sjóðurinn varð opinn öllum þeim sem lokið hafa háskólanámi. Helsta breytingin er þó að meira kynjajafnvægi er meðal nýrra sjóðfélaga.

Hlutfall nýrra sjóðfélaga eftir námsgreinum 2019



Nýjir sjóðfélagar, þróun umsókna 2013-2019 - sameign



Stefna um samfélagslega ábyrgð

Á síðasta ári setti Lífsverk sér nýja stefnu í ábyrgum fjárfestingum. Lífsverk hefur markað sér stefnu í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni og um leið aukið verulega áherslur sínar í ábyrgum fjárfestingum.

Með þessu lýsir Lífsverk yfir áhuga og metnaði sem ábyrgur fjárfestir og útlistar hvernig sjóðurinn sýnir þann vilja í verki.

Ábyrgar fjárfestingar snúast um að taka tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta (UFS) við fjárfestingarákvarðanir og trúum við að með þessari aðferðafræði megi draga úr áhættu og auka ávöxtun til lengri tíma. Stefna Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum snýst meðal annars um að útiloka fjárfestingar í ákveðnum eignaflokkum. Þar er um að ræða framleiðendur hergagna, tóbaksframleiðendur, rekstur sem virðir ekki grundvallarmannréttindi eða er óábyrgur gagnvart umhverfi. Lífsverk fjárfestir ekki í félögum eða útgefendum eða felur þriðja aðila að stýra fjármunum sjóðsins sem ekki eru með stefnu í samfélagslegri ábyrgð eða hyggjast ekki móta sér slíka í náinni framtíð.

Taflan sýnir hvernig stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar hefur þróast frá 2017.

Ábyrgar fjárfestingar auka velferð samfélags í heild sinni og þar ætlar Lífsverk sér að vera í fararbroddi.

Hér má lesa stefnu Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum í heild sinni.

Lífsverk og samfélagsleg ábyrgð

Lífsverk leggur einnig metnað í að gera rekstur sjóðsins æ ábyrgari með hverju árinu, sem dæmi má nefna verkefni eins og minni sóun á pappír. Þá hafa starfsmenn lagt sig fram við að fá fyrirtæki til að senda heldur inn rafrænar skilagreinar en á pappír. Fyrirtækin tóku vel í þá hagræðingu og eru nú um 96% fyrirtækja að senda inn rafrænar skilagreinar.

	Stefna Lífsverks í samfélagslega ábyrgum fjárfestingum	Stefna Lífsverks um samfélagslega ábyrgð	Stefna Lífsverks í ábyrgum fjár-festingum
	Júlí 2017	Síðast uppfært í janúar 2019	Janúar 2020
Útilokun	NEI	JÁ	JÁ
Skuldbinding	NEI	JÁ UN PRI	JÁ UN PRI
Markmið samræmast heimsmarkmiðum	NEI	NEI	JÁ
Skilgreint fjárfestingaferli út frá UFS	NEI	VÆGT	ÖFLUGT
Spurningalisti fyrir kostgæfnisathugun	NEI	NEI	JÁ
Skilgreind eftirfylgni með núverandi safni	NEI	VÆGT	ÖFLUGT
Flokkun núverandi eignasafns	NEI	NEI	JÁ
Fjallað um skýrslugerð og gegnsæi	NEI	NEI	JÁ
Ábyrgð skilgreind innan Lífsverks	NEI	NEI	JÁ
Markmið um ábyrgð í resktri um umhverfi	JÁ	JÁ	JÁ
Kolefnisjöfnun á lengri ferðalögum	NEI	NEI	JÁ
Þýdd á ensku	Nei	Nei	Já

Rafrænar skilgreinar 2016-2019



Notum minna, veljum ábyrga framleiðendur og förgum rétt

Síðastliðin ár hefur verið metnaður fyrir að gera skrifstofu Lífsverks umhverfisvænni, fenginn var ráðgjafi í ruslflokkun til að leiðbeina starfsfólki með rétta flokkun auk þess sem ferlar voru yfirfarnir.

Skrifstofur sjóðsins eru þrifnar með umhverfisvænum efnum. Þá er starfsfólk hvatt til að nota ekki ruslatunnur við skrifborðin, heldur flokka allt rusl í flokkunarstöð.

Starfsfólk Lífsverks er hvatt til að láta gott af sér leiða með því að taka þátt í góðgerðaverkefnum, t.d. sjálfboðavinnu, stjórnarsetu í góðgerðasamtökum, setu í skólanefndum og fleira. Á árinu sinntu starfsmenn m.a. eftirfarandi verkefnum:

- Stjórnarsetu í Krabbameinsfélagi höfðuborgarsvæðisins
- Formennsku foreldrafélags
- Ritara í foreldrafélagi
- Setu í skólanefnd
- 3 kennsluheimsóknum í skóla á vegum Fjármálavits (https://fjarmalavit.is/)
- Þátttöku í Reykjavíkurmaraþoni til styrktar góðgerðarfélagi
- Kostun tveggja barna til framfærslu á vegum SOS barnaþorpa
- Auk fjölda fjárframlaga til góðgerða- og styrktarsjóða

Hvað er framundan?

Á árinu 2020 er á áætlun að ganga enn lengra í innleiðingu samfélagslegrar ábyrgðar á skrifstofunni. Verið er að endurskoða innkaup á aðföngum, skrá kolefnisspor ferðalaga tengdum vinnu, kolefnisjafna sótspor og enn frekari þátttaka starfsmanna í góðgerðaverkefnum. Í ábyrgum fjárfestingum eru þónokkur verkefni sem áætlað er að innleiða á árinu, með það að markmiði að draga úr áhættu og auka ávöxtun til lengri tíma.

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

Ársreikningur 2019

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Um sjóðinn

Lífsverk lífeyrissjóður er opinn lífeyrissjóður háskólamenntaðra sem starfrækir samtryggingardeild og þrjár ávöxtunarleiðir í séreignardeild og tilgreindri séreignardeild. Af skylduframlagi í lífeyrissjóðinn fara 10% af launum til samtryggingardeildar en það sem umfram er til séreignardeilda nema sérstaklega sé óskað eftir að stærri hluti eða allt skylduframlagið skuli fara í samtryggingardeildina. Í árslok 2019 nam hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris 104,6 milljörðum króna og hafði sjóðurinn þá vaxið um 17,7% á árinu.

Afkoma

Árið 2019 var hagstætt á eignamörkuðum innanlands sem erlendis og var ávöxtun sjóðsins með ágætum. Úrvalsvísitala innlendra hlutabréfa hækkaði um 33,2% en þar munaði mestu um verulega hækkun Marel hf. sem hækkaði um 68% á árinu. Erlendar hlutabréfavísitölur hækkuðu einnig. Þannig hækkaði heimsvísitalan MSCI mæld í Bandaríkjadal um 25,2%, bandaríska S&P500 vísitalan hækkaði um 28,9%, breska FTSE vísitalan hækkaði um 12,1% og einnig varð góð hækkun á norrænu hlutabréfamörkuðunum. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa innanlands og erlendis lækkaði á árinu sem leiddi til hækkana á markaðsvirði bréfanna. Þess ber þó að geta að hluti eignasafns Lífsverks er gerður upp á kaupkröfu og því nýtur sjóðurinn ekki þessara hækkana að öllu leyti. Krónan veiktist um 4,1% gagnvart Bandaríkjadal og 1,9% gagnvart evru, sem hafði því jákvæð áhrif til viðbótar á erlendar fjárfestingar. Nafnávöxtun samtryggingardeildar Lífsverks var 11,7% og hrein raunávöxtun 9,0%. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris í árslok nam 85.962 m.kr. og hækkaði um 15,7% á milli ára. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 2,7% á árinu.

Nafnávöxtun Lífsverks 1 var 15,5% og hrein raunávöxtun 12,9%. Hrein eign í árslok var 2.485 m.kr. og jókst um 35,1% á milli ára. Nafnávöxtun Lífsverks 2 var 12,6% og hrein raunávöxtun 9,9%. Hrein eign í árslok nam 15.702 m.kr og hækkaði um 26,3% á milli ára. Nafnávöxtun Lífsverks 3 var 5,3% og hrein raunávöxtun 2,7%. Hrein eign í árslok var 417 m.kr. og hafði hækkað um 31,8% frá árslokum 2018.

Iðgjöld og lífeyrir

Samanlögð iðgjöld ársins 2019 námu 5.992 m.kr. og námu samanlagðar lífeyrisgreiðslur 1.297 m.kr. Hlutfall lífeyris af samanlögðum iðgjöldum var 21,6%.

Iðgjöld í samtryggingardeild voru 3.808 m.kr. og hækkuðu um 5,0% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 2.964 og jókst um 4,3% frá fyrra ári. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 503, lífeyrisgreiðslur voru 1.178 m.kr. og lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum var 30,9%.

Iðgjöld í séreignardeild námu 2.184 m.kr. Er það hækkun um 16,9% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.107 og jókst um 4,6% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega var 78 og lífeyrisgreiðslur voru 119 m.kr. eða sem nemur 5,4% af iðgjöldum.

Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun í lok árs 2019 var heildartryggingafræðileg staða sjóðsins jákvæð um 0,1% í árslok samanborið við 2,1% neikvæða stöðu í lok fyrra árs. Staða áfallinna skuldbindinga var jákvæð um 0,7% en staða framtíðarskuldbindinga var neikvæð um 1,0%. Athugunin nú er byggð á mati á dánar- og lífslíkum, sem tekur til reynslu áranna 2014 – 2018. Breytt mat á dánar- og lífslíkum frá fyrra ári hefur áhrif til lækkunar á heildarstöðu um 1,0%.

Það er ánægjulegt að heildartryggingafræðileg staða sjóðsins batnar nú milli ára og er aftur orðin jákvæð.

Rekstur

Átta starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum allt árið 2019 en meðalfjöldi starfsmanna var 7,75 árið 2018. Heildarfjárhæð launa og launatengdra gjalda á árinu hækkar um 10,4% í 159,6 m.kr en var 144,5 m.kr. árið 2018. Laun framkvæmdastjóra, forstöðumanns eignastýringar, stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar voru 57,2 m.kr. samanborið við 53,9 m.kr. árið 2018. Þóknun til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings nam 11,4 m.kr. samanborið við 11,1 m.kr. á fyrra ári. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 9,5% milli ára en hann var 261,6 m.kr. á árinu samanborið við 238,9 m.kr. árið 2018.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Sjóðfélagalán

Heildarfjárhæð nýrra sjóðfélagalána á árinu var 4.636 m.kr. og lækkaði nokkuð frá árinu áður en þá voru heildarlánveitingar 6.300 m.kr. Sjóðfélögum hefur allt frá árinu 1986 staðið til boða að taka hagstæð íbúðalán hjá sjóðnum og þóttu lánakjör á sínum tíma byltingarkennd. Það er stefna sjóðsins að bjóða áfram hagstæð lánakjör, enda hafa lán til sjóðfélaga löngu sannað ágæti sitt með að vera fjárfestingarkostur með mjög lítil afföll fyrir sjóðinn.

Starfsumhverfi

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2020 var mótuð í nóvember 2019 og tekur mið af væntingum um þróun markaða en áhersla verður lögð á traustar fjárfestingar og áhættudreifingu. Markmið til lengri tíma er áfram að auka vægi erlendra fjárfestinga í eignasafninu.

Eftir mikla hækkun á öllum eignamörkuðum á árinu 2019 og lækkandi vexti innanlands sem utan má búast við að fjárfestingarumhverfi ársins 2020 verði krefjandi. Heimsfaraldur Covid-19 veirunnar á fyrstu mánuðum ársins hefur haft mikil áhrif á eignamarkaði innanlands sem utan. Þrátt fyrir að eignasafn sjóðsins sé vel undir það búið að takast á við þær áskoranir sem framundan eru er fyrirséð að þetta muni hafa mikil áhrif á ávöxtun ársins.
Vísað er til skýringar nr 28 um atburði eftir reikningsskiladag.

Stjórnarhættir

Lífsverk lífeyrissjóður starfar á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykkta sjóðsins. Sjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku iðgjaldi sjóðfélaga og ávaxta það ásamt því að greiða sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og við andlát þeirra maka- og barnalífeyri. Lífeyrissjóðurinn veitir samþætt lífeyrisréttindi á grundvelli iðgjalds sem skiptist milli samtryggingardeildar og séreignar- og tilgreindrar séreignardeildar sjóðsins. Til séreignardeildar greiðast ennfremur viðbótariðgjöld skv. ákvörðun sjóðfélaga.

Stjórnarháttayfirlýsing fyrir árið 2020 er birt í heild í ársskýrslu sjóðsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Lífsverk er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (Principles for Responsible Investment - UN PRI). Með aðild sinni skuldbindur Lífsverk sig til að leggja áherslu á samfélagsleg og umhverfisleg sjónarmið við ákvarðanir um fjárfestingar, auk góðra stjórnarhátta þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í. Aðild Lífsverks er liður í aukinni áherslu sjóðsins á þessi málefni. Þá er Lífsverk einn af stofnaðilum IcelandSIF, sem er íslenskur umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Lífsverk mun leitast við að taka í auknum mæli þátt í fjárfestingum sem hafa sterka stefnu í samfélagslegri ábyrgð. Markmið sjóðsins er einnig að stuðla að bættum stjórnarháttum og auka gegnsæi.

Í stefnu Lífsverks um samfélagslega ábyrgð kemur m.a. fram að sjóðurinn fjárfestir hvorki í rekstri þar sem grundvallarmannréttindi eru ekki virt, né starfsemi sem er óábyrg gagnvart umhverfinu. Markmið sjóðsins er jafnframt að rekstur hans sé umhverfisvænn, að lágmarka sóun á vinnustað og hvetja starfsfólk til að láta gott af sér leiða til samfélagsins.

Hluthafastefna Lífsverks gildir um fjárfestingar sjóðsins í skráðum og óskráðum hlutafélögum. Þar kemur fram að Lífsverk leitast við að kanna hvort fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í fylgi viðurkenndum leiðbeinandi reglum um góða stjórnarhætti, ábyrgar fjárfestingar, samfélagslega ábyrgð og samskipta- og siðareglur á fjármagnsmarkaði. Atkvæðagreiðsla sjóðsins á hluthafafundum skal alltaf mótast af áherslum hluthafastefnu. Gengið er út frá því að stjórn félags leitist ávallt við að gæta sem best langtímahagsmuna félagsins, sem fari saman við hagsmuni sjóðfélaga. Lífsverk gerir kröfu til fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í að þau tileinki sér og framfylgi, að svo miklu leyti sem unnt er, reglum Nasdaq Iceland, SA og Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja, eða öðrum viðurkenndum leiðbeiningum um sama efni.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. mars 2020

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs

Björn Ágúst Björnsson
Stjórnarformaður

Agnar Kofoed-Hansen

Eva Hlín Dereksdóttir

Margrét Arnardóttir

Unnar Hermannsson

Jón L. Árnason
Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífsverki lífeyrissjóði.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífsverks lífeyrissjóðs („sjóðurinn“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2019 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um framsetningu ársreikninga lífeyrissjóða og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. mars 2020

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2019

	Skýr	2019	2018
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		1.826.826	1.726.199
Iðgjöld launagreiðenda		4.381.156	3.938.300
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(228.315)	(179.904)
		5.979.667	5.484.595
Sérstök aukaframlög	11	12.292	9.594
		5.991.959	5.494.189
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	12	1.259.693	1.063.419
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		36.853	34.876
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	13	293	269
		1.296.839	1.098.564
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	14	7.587.815	221.982
Hreinar tekjur af skuldabréfum	15	3.628.317	3.563.462
Hreinar tekjur af afleiðusamningum	16	26.925	87.395
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		3.660	394
Vaxtatekjur af handbæru fé	17	74.362	48.743
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		8.229	4.999
Fjárfestingargjöld	18	(102.817)	(94.939)
		11.226.491	3.832.036
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	19	261.561	238.877
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		15.660.050	7.988.784
Hrein eign frá fyrra ári		88.906.579	80.917.795
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	29	104.566.629	88.906.579

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	22	45.655.095	35.661.517
Skuldabréf	23	55.294.757	51.970.022
Afleiðusamningar	16	0	87.395
Bundnar bankainnstæður		893.138	15.389
		101.842.990	87.734.323
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		511.665	499.885
Aðrar kröfur		67.340	79.845
		579.005	579.730
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	26	8.880	8.414
Handbært fé		2.169.918	627.212
Eignir samtals		104.600.793	88.949.679
Skuldir			
Aðrar skuldir		(34.164)	(43.100)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	29	104.566.629	88.906.579
Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris			
Hrein eign samtryggingardeildar		85.961.716	74.320.594
Hrein eign séreignardeildar		18.604.913	14.585.985
Hrein eign til greiðslu lífeyris samtals		104.566.629	88.906.579
Skuldbindingar utan efnahags	27		

Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Inngreiðslur			
Iðgjöld		5.981.590	5.402.043
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		53.574	29.673
Aðrar inngreiðslur		14.314	66.284
		6.049.478	5.498.000
Útgreiðslur			
Lífeyrir		1.296.767	1.098.397
Rekstrarkostnaður án afskrifta		259.004	235.620
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		3.805	4.504
Aðrar útgreiðslur		14.496	35.326
		1.574.072	1.373.847
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		4.475.406	4.124.153
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		892.402	386.757
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(15.925.101)	(17.568.926)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		12.769.920	12.857.871
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		10.309.542	6.584.926
Keypt skuldabréf		(14.491.369)	(15.779.922)
Seld skuldabréf		4.216.286	9.576.148
Uppgjör afleiðusamninga		114.320	0
Ný bundin innlán		(1.748.206)	(768)
Endurgreidd bundin innlán		893.871	0
		(2.968.335)	(3.943.914)
Hækkun á handbæru fé		1.507.071	180.239
Gengismunur af handbæru fé		35.635	24.069
Handbært fé í upphafi árs		627.212	422.904
Handbært fé í lok árs		2.169.918	627.212

Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris fyrir árið 2019

	Samtryggingardeild		Lífsverk 1		Lífsverk 2		Lífsverk 3		Samtals	
	2019	2018	2019	2018	2019	2018	2019	2018	2019	2018
Iðgjöld										
Iðgjöld sjóðfélaga	1.489.606	1.424.588	99.032	86.894	212.449	190.110	25.739	24.607	1.826.826	1.726.199
Iðgjöld launagreiðenda	2.314.443	2.195.074	361.051	293.422	1.645.818	1.400.789	59.844	49.015	4.381.156	3.938.300
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(8.429)	(3.481)	(95.059)	(73.076)	(123.456)	(87.449)	(1.371)	(15.898)	(228.315)	(179.904)
	3.795.620	3.616.181	365.024	307.240	1.734.811	1.503.450	84.212	57.724	5.979.667	5.484.595
Sérstök aukaframlög	12.292	9.594	0	0	0	0	0	0	12.292	9.594
	3.807.912	3.625.775	365.024	307.240	1.734.811	1.503.450	84.212	57.724	5.991.959	5.494.189
Lífeyrir										
Heildarfjárhæð lífeyris	1.141.096	977.206	20.001	15.807	96.970	68.949	1.626	1.457	1.259.693	1.063.419
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	36.853	34.876	0	0	0	0	0	0	36.853	34.876
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	293	269	0	0	0	0	0	0	293	269
	1.178.242	1.012.351	20.001	15.807	96.970	68.949	1.626	1.457	1.296.839	1.098.564
Hreinar fjárfestingartekjur										
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	6.467.926	262.421	232.527	(27.682)	880.788	(15.228)	6.574	2.471	7.587.815	221.982
Hreinar tekjur af skuldabréfum	2.743.618	2.974.503	73.729	52.281	800.066	528.188	10.904	8.490	3.628.317	3.563.462
Hreinar tekjur af afleiðusamningum	26.925	87.395	0	0	0	0	0	0	26.925	87.395
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum	2.569	0	0	0	0	169	1.091	225	3.660	394
Vaxtatekjur af handbæru fé	69.227	35.781	1.081	2.095	3.567	10.601	487	266	74.362	48.743
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum	4.962	3.420	399	234	2.833	1.294	35	51	8.229	4.999
Fjárfestingargjöld	(69.981)	(62.232)	(4.186)	(4.134)	(28.105)	(28.031)	(545)	(542)	(102.817)	(94.939)
	9.245.246	3.301.288	303.550	22.794	1.659.149	496.993	18.546	10.961	11.226.491	3.832.036
Rekstrarkostnaður										
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	233.794	216.873	3.613	2.783	23.737	18.898	417	323	261.561	238.877
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	11.641.122	5.697.839	644.960	311.444	3.273.253	1.912.596	100.715	66.905	15.660.050	7.988.784
Hrein eign frá fyrra ári	74.320.594	68.622.755	1.840.357	1.528.913	12.428.931	10.516.335	316.697	249.792	88.906.579	80.917.795
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	85.961.716	74.320.594	2.485.317	1.840.357	15.702.184	12.428.931	417.412	316.697	104.566.629	88.906.579

Efnahagsreikningur deilda 31. desember 2019

	Samtryggingardeild		Lífsverk 1		Lífsverk 2		Lífsverk 3		Samtals	
	2019	2018	2019	2018	2019	2018	2019	2018	2019	2018
Fjárfestingar										
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	38.933.835	30.648.641	1.416.705	862.635	5.172.049	4.085.115	132.506	65.126	45.655.095	35.661.517
Skuldabréf	43.865.015	42.786.147	996.986	911.508	10.204.027	8.048.005	228.729	224.362	55.294.757	51.970.022
Afleiðusamningar	0	87.395	0	0	0	0	0	0	0	87.395
Bundnar bankainnstæður	860.320	0	0	0	0	3.616	32.818	11.773	893.138	15.389
	83.659.170	73.522.183	2.413.691	1.774.143	15.376.076	12.136.736	394.053	301.261	101.842.990	87.734.323
Kröfur										
Kröfur á launagreiðendur	304.979	304.358	36.804	35.253	163.165	152.729	6.717	7.545	511.665	499.885
Aðrar kröfur	67.340	79.845	0	0	0	0	0	0	67.340	79.845
	372.319	384.203	36.804	35.253	163.165	152.729	6.717	7.545	579.005	579.730
Ýmsar eignir										
Varanlegir rekstrarfjármunir	8.880	8.414	0	0	0	0	0	0	8.880	8.414
Handbært fé	2.104.131	583.018	5.715	9.996	48.291	31.481	11.781	2.717	2.169.918	627.212
Eignir samtals	86.144.500	74.497.818	2.456.210	1.819.392	15.587.532	12.320.946	412.551	311.523	104.600.793	88.949.679
Skuldir										
Aðrar skuldir	(34.164)	(43.100)	0	0	0	0	0	0	(34.164)	(43.100)
Skuldir milli deilda	(148.620)	(134.124)	29.107	20.965	114.652	107.985	4.861	5.174	0	0
	(182.784)	(177.224)	29.107	20.965	114.652	107.985	4.861	5.174	(34.164)	(43.100)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	85.961.716	74.320.594	2.485.317	1.840.357	15.702.184	12.428.931	417.412	316.697	104.566.629	88.906.579

Sjóðstreymisyfirlit deilda árið 2019

	Samtryggingardeild		Lífsverk 1		Lífsverk 2		Lífsverk 3		Samtals	
	2019	2018	2019	2018	2019	2018	2019	2018	2019	2018
Inngreiðslur										
Iðgjöld	3.808.702	3.590.161	363.473	296.614	1.724.375	1.461.219	85.040	54.049	5.981.590	5.402.043
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	45.172	15.132	1.480	2.329	6.400	11.895	522	317	53.574	29.673
Aðrar inngreiðslur	14.314	66.284	0	0	0	0	0	0	14.314	66.284
	3.868.188	3.671.577	364.953	298.943	1.730.775	1.473.114	85.562	54.366	6.049.478	5.498.000
Útgreiðslur										
Lífeyrir	1.178.170	1.012.184	20.001	15.807	96.970	68.949	1.626	1.457	1.296.767	1.098.397
Rekstrarkostnaður án afskrifta	231.237	213.616	3.613	2.783	23.737	18.898	417	323	259.004	235.620
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	3.805	4.504	0	0	0	0	0	0	3.805	4.504
Aðrar útgreiðslur	0	0	8.142	2.530	6.667	30.721	(313)	2.075	14.496	35.326
	1.413.212	1.230.304	31.756	21.120	127.374	118.568	1.730	3.855	1.574.072	1.373.847
Ráðstöfunarfé til fjárfestinga	2.454.976	2.441.273	333.197	277.823	1.603.401	1.354.546	83.832	50.511	4.475.406	4.124.153
Fjárfestingarhreyfingar										
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í sjóðum og félögum	607.399	350.844	76.236	33.837	208.431	2.049	336	27	892.402	386.757
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(11.384.695)	(15.092.990)	(865.352)	(425.599)	(3.508.801)	(2.016.337)	(166.253)	(34.000)	(15.925.101)	(17.568.926)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	8.874.633	11.929.373	533.018	235.370	3.256.895	675.028	105.374	18.100	12.769.920	12.857.871
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabr.	9.632.039	6.096.570	52.058	46.356	574.558	432.452	50.887	9.548	10.309.542	6.584.926
Keypt skuldabréf	(8.287.685)	(13.887.569)	(598.352)	(314.531)	(5.461.317)	(1.361.411)	(144.015)	(216.411)	(14.491.369)	(15.779.922)
Seld skuldabréf	318.015	8.334.051	464.566	149.176	3.333.769	918.406	99.936	174.515	4.216.286	9.576.148
Uppgjör afleiðusamninga	114.320	0	0	0	0	0	0	0	114.320	0
Ný bundin innlán	(1.727.161)	0	0	0	0	(179)	(21.045)	(589)	(1.748.206)	(768)
Endurgreidd bundin innlán	890.255	0	0	0	3.616	0	0	0	893.871	0
	(962.880)	(2.269.721)	(337.826)	(275.391)	(1.592.849)	(1.349.992)	(74.780)	(48.810)	(2.968.335)	(3.943.914)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	1.492.096	171.552	(4.629)	2.432	10.552	4.554	9.052	1.701	1.507.071	180.239
Gengismunur af handbæru fé	29.017	24.069	348	0	6.258	0	12	0	35.635	24.069
Handbært fé í upphafi árs	583.018	387.397	9.996	7.564	31.481	26.927	2.717	1.016	627.212	422.904
Handbært fé í lok árs	2.104.131	583.018	5.715	9.996	48.291	31.481	11.781	2.717	2.169.918	627.212

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar 31. desember 2019

Tryggingafræðileg staða í milljónum króna:

	Skýr	2019		
Eignir:		**Áfallin skuldbinding**	**Framtíðar-skuldbinding**	**Heildar-skuldbinding**
	29			
Hrein eign til greiðslu lífeyris		85.962	0	85.962
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		(908)	0	(908)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa		(917)	0	(917)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		(2.456)	(3.000)	(5.456)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	50.827	50.827
Eignir samtals		81.681	47.827	129.508
Skuldbindingar:				
Ellilífeyrir		70.758	43.460	114.218
Örorkulífeyrir		1.969	1.923	3.892
Makalífeyrir		8.179	2.609	10.788
Barnalífeyrir		216	297	513
Skuldbindingar samtals		81.122	48.289	129.411
Eignir umfram skuldbindingar		559	(462)	97
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		0,7%	(1,0%)	0,1%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(0,6%)	(4,5%)	(2,1%)

	2018		
Eignir:	**Áfallin skuldbinding**	**Framtíðar-skuldbinding**	**Heildar-skuldbinding**
Hrein eign til greiðslu lífeyris	74.321	0	74.321
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	613	0	613
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	(302)	0	(302)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(2.199)	(2.920)	(5.119)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	48.765	48.765
Eignir samtals	72.433	45.845	118.278
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	63.136	42.948	106.084
Örorkulífeyrir	1.756	1.902	3.658
Makalífeyrir	7.698	2.746	10.444
Barnalífeyrir	276	405	681
Skuldbindingar samtals	72.866	48.001	120.867
Eignir umfram skuldbindingar	(433)	(2.156)	(2.589)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	(0,6%)	(4,5%)	(2,1%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	2,4%	0,1%	1,5%

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Lífsverk lífeyrissjóður er með aðsetur að Engjateigi 9, Reykjavík. Sjóðurinn er opinn lífeyrissjóður háskólamenntaðra. Öllum er heimilt að greiða til séreignar og tilgreindrar séreignardeildar sjóðsins.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Sjóðurinn starfar í þremur deildum, samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreindri séreignardeild. Á blaðsíðum 11 - 13 er að finna yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning og sjóðstreymisyfirlit deilda sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins samþykktu ársreikninginn þann 24. mars 2020.

3. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum, sem settar eru fram hér á eftir, hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við opinbert gengi Seðlabanka Íslands í árslok. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

6. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem hafa borist sjóðnum. Ekki er áætlað fyrir óinnheimtum iðgjöldum í árslok. Mótteknar greiðslur án skilagreina eru færðar sem innheimt iðgjöld. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða er fært á sérstakan lið undir iðgjöldum.

7. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er kostnaður við örorkumat og endurhæfingu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi endurhæfingarsjóða, skulu lífeyrissjóðir á árinu 2019 greiða gjald sem samsvarar 0,10% af samanlögðum iðgjaldastofni allra sjóðfélaga til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Kostnaðurinn er færður undir liðinn Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs.

8. Hreinar fjárfestingartekjur

Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum eru færðar allar tekjur af fjárfestingum í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, önnur en þau gjöld sem færð eru sérstaklega undir fjárfestingargjöld. Sjá skýringu á þessum fjárfestingargjöldum fyrir neðan og sundurliðun fjárhæðar í skýringu nr. 18.

Undir tekjur af eignarhlutum falla arðstekjur, söluhagnaður og sölutap ásamt breytingum á gangvirði, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

Hreinar tekjur af skuldabréfum

Hreinar tekjur af skuldabréfum eru tekjur af fjárfestingum í skuldabréfum að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, önnur en þau gjöld sem færð eru sérstaklega undir fjárfestingargjöld. Sjá skýringu á þessum fjárfestingargjöldum fyrir neðan og sundurliðun fjárhæðar í skýringu nr. 18.

Undir þennan lið eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknanir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breyting á gangvirði skuldabréfa og hliðstæðar tekjur og gjöld. Einnig er undir þennan lið færð varúðarniðurfærsla vegna tapshættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörsdegi.

Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum

Þessi liður samanstendur af vaxtatekjum og gengismun vegna bankainnstæðna sem bundnar eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

Vaxtatekjur af handbæru fé

Vaxtatekjur af handbæru fé eru vaxtatekjur og gengismunur af óbundnum innstæðum hjá bönkum og sparisjóðum.

Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum

Undir þennan lið eru færðar vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum að frádregnum vaxtagjöldum.

Fjárfestingargjöld

Undir liðinn fjárfestingargjöld eru færð fjárfestingargjöld og þóknanir til fjármálafyrirtækja vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum sjóðsins.

9. Rekstrarkostnaður

Undir rekstrarkostnað fellur allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður vegna rekstrar sjóðsins, svo sem laun og launatengd gjöld, rekstur fasteignar, afskriftir og annar rekstrarkostnaður.

10. Fjárfestingar

Fjárfestingar sjóðsins skiptast í eignarhluta í félögum og sjóðum, skuldabréf og bundnar bankainnstæður.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini og eru þau metin á gangvirði. Sjá nánar í skýringu nr. 25 þar sem gerð er grein fyrir verðmatsaðferð.

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf og önnur útlán. Skuldabréf eru færð á gangvirði í árslok nema ef um er að ræða skuldabréf sem haldið er til gjalddaga og útlán til sjóðfélaga, en slík skuldabréf eru færð á upphaflegri kaupkröfu í efnahagsreikningi.

Skuldabréf og útlán sjóðsins sem færð eru á upphaflegri kaupkröfu eru yfirfarin reglulega til að meta hvort virði hafi rýrnað. Við matið eru sérstakar áhættur metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim eignum sem kunna að tapast. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi frá einstökum verðbréfum eða safni verðbréfa áður en lækkunin verður merkjanleg á einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar.

Bundnar bankainnstæður eru innlán í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en 3 mánaða.

Skýringar, frh.:

11. Sérstök aukaframlög

	2019	2018
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	12.292	9.594

12. Greiddur lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar sundurliðast þannig:

Ellilífeyrir	914.691	790.140
Örorkulífeyrir	110.785	91.208
Makalífeyrir	100.066	89.094
Barnalífeyrir	15.554	6.764
Samtals	1.141.096	977.206

Lífeyrisgreiðslur séreignardeilda sundurliðast þannig:

Lífeyrisgreiðslur úr Lífsverk 1	20.001	15.807
Lífeyrisgreiðslur úr Lífsverk 2	96.970	68.949
Lífeyrisgreiðslur úr Lífsverk 3	1.626	1.457
Samtals	118.597	86.213
Lífeyrisgreiðslur samtals	1.259.693	1.063.419

13. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

Kostnaður vegna trúnaðarlækna, vottorða og fl.	293	269

14. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum greinast þannig:

Breyting á gangvirði hlutabréfa og hlutdeildarskírteina	6.399.914	(1.403.643)
Áhrif vegna breytinga á gengi gjaldmiðla	473.060	1.196.181
Arður hlutabréfa	714.841	429.444
Tekjur af eignarhlutum samtals	7.587.815	221.982

Hreinar tekjur 20 stærstu fjárfestinga í félögum og sjóðum:

Arion banki hf.	276.739	(15.920)
Eik fasteignafélag hf.	44.234	(311.518)
Eyrir Invest hf	585.768	118.493
Fagfjárfestasjóðurinn Iceland Fixed Income Fund	191.678	59.654
Festi hf	99.518	(21.841)
Hampiðjan hf.	167.292	12.679
Iceland Seafood International hf.	114.649	19.409
IS Lausafjársafn	14.188	2.880
Jarðvarmi slhf	125.211	0
KF Global Value	376.845	(80.789)
Kvika hf.	137.326	103.586
LGT Sustainable Equity Global Sub-Fund	40.291	0
LPE II -B	121.519	126.486
Marel hf.	1.539.195	407.503
Morgan Stanley HP Millennium	117.701	143.853
Pimco Funds Global Investors	63.503	29.069
Reginn hf.	49.418	(221.591)
Reitir fasteignafélag hf.	5.154	(125.976)
Vanguard European Stock	197.627	(36.080)
Vanguard Global Stock Index Fund	167.315	6.172
Hreinar tekjur 20 stærstu fjárfestinga í félögum og sjóðum samtals	4.435.171	216.069

15. Hreinar tekjur af skuldabréfum greinast þannig:

	2019	2018
Skuldabréf haldið til gjalddaga:		
Ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	509.936	703.989
Skuldabréf sveitarfélaga	140.894	240.124
Skuldabréf lánastofnana	81.916	136.330
Skuldabréf fyrirtækja	484.390	584.808
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	1.211.500	1.139.116
Hreinar tekjur af skuldabréfum haldið til gjalddaga samtals	2.428.636	2.804.367
Skuldabréf færð á gangvirði:		
Ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	664.772	428.903
Skuldabréf sveitarfélaga	135.242	64.533
Skuldabréf lánastofnana	200.571	113.148
Skuldabréf fyrirtækja	183.832	135.669
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	15.264	16.842
Hreinar tekjur af skuldabréfum á gangvirði samtals	1.199.681	759.095
Hreinar tekjur af skuldabréfum samtals	3.628.317	3.563.462
Þar af áhrif gjaldmiðla á hreinar tekjur af skuldabréfum	133.606	187.426
Þar af breyting á niðurfærslu skuldabréfa sem greinist þannig:		
Skuldabréf	(13.836)	8.822
Lán til sjóðfélaga	8.506	7.482
	(5.330)	16.304

16. Afleiðusamningar

Á árinu var sjóðurinn með gjaldmiðlasamninga og gjaldmiðlaskiptasamninga sem voru gerðir til áhættuvarna vegna skuldbindinga um kaup í erlendum framtakssjóðum. Á fyrri hluta árs voru allir samningar gerðir upp. Innleystur hagnaður nam 114,3 millj. kr., þar af var hagnaður að fjárhæð 26,9 millj. kr. tekjufærður 2019 en árið 2018 voru 87,4 millj. kr. færðar til tekna.
Í árslok var enginn virkur afleiðusamningur hjá sjóðnum.

17. Vaxtatekjur af handbæru fé

Vaxtatekjur af handbæru fé greinast þannig:		
Vaxtatekjur af handbæru fé	45.345	24.674
Gengismunur af handbæru fé	29.017	24.069
Vaxtatekjur af handbæru fé samtals	74.362	48.743

18. Fjárvörslu- og eignastýringarkostnaður:

	2019	2018
Fjárfestingargjöld greinast þannig:		
Fjárfestingargjöld sjóða	16.449	18.774
Vörsluþóknanir	7.933	6.343
Umsýsluþóknanir vegna útvistunar eignastýringar	78.253	69.546
Önnur fjárfestingargjöld	182	276
Fjárfestingargjöld samtals	102.817	94.939

Fjárfestingargjöld árið 2019	Bein fjárf. gjöld	Áætluð og reiknuð fjárf. gjöld	Fjárf. gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfestingar-gjalda alls af meðaleign
Innlendir fjárfestingarsjóðir	0	3.847	3.847	628.702	0,6%
Innlendir fagfjárfestasjóðir	0	115.375	115.375	5.250.217	2,2%
Erlendir verðbréfasjóðir	194	71.750	71.944	9.553.665	0,8%
Aðrir erl. sjóðir um sam.fjárf.	16.255	81.888	98.143	4.312.212	2,3%
Kaup- og söluþóknanir	8.608	0	8.608		
Vörsluþóknanir	7.933	0	7.933		
Umsýsluþókn. v. útvistunar	78.254	0	78.254		
Önnur fjárfestingargjöld	182	14.601	14.783		
Fjárfestingargjöld samtals	111.426	287.461	398.887		

Fjárfestingargjöld árið 2018	Bein fjárf. gjöld	Áætluð og reiknuð fjárf. gjöld	Fjárf. gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfestingar-gjalda alls af meðaleign
Innlendir fjárfestingarsjóðir	0	1.232	1.232	301.246	0,4%
Innlendir fagfjárfestasjóðir	0	116.080	116.080	4.610.380	2,5%
Erlendir verðbréfasjóðir	0	67.135	67.135	8.334.267	0,8%
Aðrir erl. sjóðir um sam.fjárf.	18.774	18.542	37.316	3.252.236	1,1%
Kaup- og söluþóknanir	19.368	0	19.368		
Vörsluþóknanir	6.343	0	6.343		
Umsýsluþókn. v. útvistunar	69.546	0	69.546		
Önnur fjárfestingargjöld	277	15.800	16.077		
Fjárfestingargjöld samtals	114.308	218.789	333.097		

19. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2019	2018
Laun og launatengd gjöld	159.615	144.459
Rekstur upplýsingakerfa	34.822	32.493
Lögfræðiþjónusta	1.393	3.244
Fjármálaeftirlit, Landssamtök lífeyrissjóða og Umboðsmaður skuldara	15.314	14.755
Endurskoðun	8.112	7.828
Rekstur húsnæðis	8.261	6.379
Önnur aðkeypt þjónusta	5.542	3.616
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	3.339	2.629
Tryggingastærðfræðingur	2.194	2.096
Ýmis skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	22.969	21.378
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals	261.561	238.877

20. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun og launatengd gjöld samtals	159.615	144.459
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	8	7,75

Laun stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

Björn Ágúst Björnsson, formaður	2.572	2.336
Agnar Kofoed-Hansen, varaformaður	2.072	1.629
Margrét Arnardóttir, stjórnarmaður	1.622	1.338
Unnar Hermannsson, stjórnarmaður	1.286	851
Eva Hlín Dereksdóttir, stjórnarmaður	1.286	813
Þráinn Valur Hreggviðsson, formaður endurskoðunarnefndar	406	839
Helena Sigurðardóttir	261	677
Arnar Ingi Einarsson	41	0
Gnýr Guðmundsson	41	39
Ragnheiður I. Þórarinsdóttir	41	39
Sigurður M. Norðdahl, endurskoðunarnefnd	0	105
Helga Viðarsdóttir	0	39
Sverrir Bollason	0	39
Halldór Árnason	0	35
Jón L. Árnason, framkvæmdastjóri	26.871	25.712
Hreggviður Ingason, forstöðumaður eignastýringar	20.709	19.376
Samtals	57.208	53.867

21. Þóknun til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings sundurliðast þannig:

KPMG ehf., endurskoðun ársreiknings	3.768	3.742
KPMG ehf., könnun árshlutareiknings	1.379	1.303
KPMG ehf., önnur þjónusta	826	740
Deloitte ehf., innri endurskoðun	2.966	2.783
Deloitte ehf., önnur þjónusta	310	386
TBG ehf., útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu	1.610	1.512
TBG ehf., önnur þjónusta	583	585
Samtals	11.442	11.051

22. Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig:

	2019			2018
Eignarhlutir í skráðum innlendum félögum:	**Hlutdeild**	**Kostn.verð**	**Gangvirði**	**Gangvirði**
Arion banki hf	0,8%	1.068.846	1.206.129	254.778
Eik fasteignafélag hf	5,7%	1.136.530	1.637.077	1.602.992
Eimskip hf	0,4%	184.607	130.471	184.338
Festi hf	2,4%	884.829	1.009.316	777.068
Hagar hf	1,0%	538.278	532.412	472.581
Hampiðjan hf	3,4%	212.741	812.190	628.012
Iceland Seafood International hf	4,2%	936.784	1.069.810	604.912
Kvika banki hf	3,1%	429.996	655.522	564.809
Marel hf	0,7%	1.017.116	3.104.211	2.973.519
Origo hf.	4,2%	380.468	515.111	407.062
Reginn hf	2,7%	870.270	1.094.316	952.492
Reitir fasteignafélag hf	2,0%	990.191	1.017.212	765.976
Síminn hf	1,1%	404.528	562.032	224.336
Sjóvá-Almennar tryggingar hf	0,6%	138.969	159.231	84.624
Skeljungur hf	3,2%	508.418	563.028	200.761
Sýn hf	1,2%	152.086	124.922	275.859
Tryggingamiðstöðin hf.	1,3%	326.704	363.177	170.149
Vátryggingafélag Íslands hf	2,0%	427.013	426.062	267.860
Önnur félög			120.327	488.751
			15.102.556	11.900.879
Eignarhlutir í óskráðum innlendum félögum og sjóðum:				
105 Miðborg slhf	11,3%	416.250	416.250	247.500
Akta SK1	7,5%	120.000	139.959	54.286
Akta Stokkur	4,6%	99.106	105.509	90.288
Alda Credit Fund slhf	5,9%	92.400	114.300	108.630
Alda Credit Fund II slhf	3,4%	50.000	56.800	50.215
Almenna leigufélagið eignarhaldssjóður	1,3%	194.850	166.275	194.850
Blávarmi slhf	1,8%	255.467	255.467	0
Crowberry I slhf	2,0%	28.523	24.573	9.776
Eyrir Invest hf	1,3%	503.043	1.188.245	621.536
Fagfjárfestasjóðurinn Credit Opp. Fund	6,3%	259.659	258.078	253.485
Fagfjárfestasjóðurinn IFIF	7,7%	996.520	1.117.388	603.143
Fagfjárfestasjóðurinn TRF	3,2%	129.371	142.083	0
FÍ fasteignafélag slhf	3,0%	49.944	127.562	115.862
Freyja framtakssjóður slhf	2,5%	19.525	15.412	3.114
Frumtak 2 slhf	4,1%	189.330	199.141	158.845
geoSilica Iceland hf	6,7%	50.000	30.000	0
Horn II slhf	2,9%	8.086	20.287	305.226
Horn III slhf	2,5%	254.500	171.313	186.298
Innviðir fjárfestingar slhf	7,3%	284.650	284.650	25.000
IS Lausafjársafn	2,0%	927.106	944.174	300.000
Íslensk verðbréf hf	3,2%	41.041	30.876	30.876
Jarðvarmi slhf	1,8%	466.644	637.693	301.064
JR Veðskuldabréf I	9,0%	518.421	536.277	213.673
Júpiter Innlend skuldabréf	1,8%	157.920	167.533	0
Kerecis hf	1,3%	160.110	159.056	0
Kjölfesta slhf	13,2%	288.952	296.465	281.612
Landsbréf - Hvatning slhf	6,0%	505.194	505.194	0
Landsbréf - Veðskuldabréfasafn slhf	5,7%	30.344	34.951	412.205
Landsbréf - Icelandic Tourism Fund I slhf	4,9%	164.051	231.329	213.737
MF1 slhf	2,5%	92.857	98.521	108.150
Norðurturninn hf	9,9%	152.624	312.657	295.259

Frh. á næstu síðu

22. Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig, frh:

	2019			2018
	Hlutdeild	Kostn.verð	Gangvirði	Gangvirði
Frh. frá fyrri síðu				
ST1	10,8%	688.487	738.222	260.650
Stefnir - ÍS 5	3,0%	119.758	344.214	720.382
Stefnir - Skuldabréfaval	1,3%	155.164	156.648	0
TFII slhf	5,0%	91.750	96.521	76.296
Veðskuldabréfasjóður ÍV	4,6%	35.000	51.187	46.917
Verðbréfamiðstöð Íslands hf.	5,1%	73.571	14.995	62.857
Önnur félög og sjóðir			218.069	1.973.394
			10.407.874	8.325.126
Eignarhlutir í skráðum erlendum félögum og sjóðum:				
Amundi Funds - Global Aggregate Bond	0,1%	479.408	513.701	0
Amundi Global Em. Markets Blended Bond	0,0%	124.398	140.149	123.885
Amundi IS SICAV - Index Equity Global	0,2%	298.015	397.643	246.647
Arion banki hf	0,2%	298.749	340.431	257.468
Ashmore SICAV - Emerging Market	6,1%	168.505	165.791	136.611
Ashmore SICAV - Emerging Market TRF	0,1%	302.951	290.423	254.151
BlackRock World Index Sub-Fund	0,4%	234.831	309.346	861.277
Delphi Nordic VPFO	0,9%	323.395	354.098	300.100
DNB Fund - Technology	0,2%	201.388	276.367	153.714
DNB High Yield	1,9%	277.095	286.718	135.281
DNB Norden III	0,4%	268.580	289.008	215.463
DNB Obligasjon III	0,1%	408.405	424.704	399.038
GAM Emerging Equity Fund EUR	0,3%	195.369	248.911	196.988
GAM Star Disruptive Growth	0,6%	133.978	188.671	91.339
Invesco China Technology ETF	0,2%	117.210	135.302	97.317
iShares Core S&P 500 UCITS ETF	0,0%	197.678	244.942	228.134
iShares Edge MSCI USA Qual. Factor ETF	0,0%	180.423	248.856	84.134
JPMorgan Funds - Emerging Market	0,1%	184.460	225.457	186.392
Katla Fund Global Value	4,0%	799.257	1.139.528	1.428.943
LGT Sustainable Equity Fund Global	0,6%	709.644	749.741	0
Microsoft Corporation	0,0%	65.386	104.613	34.513
Montanaro European Smaller Comp. Fund	0,7%	333.063	471.616	339.138
Pareto Investment Fund B	2,0%	135.220	139.227	111.982
Pimco Funds Global Investors	0,0%	713.767	852.403	788.899
Skagen M2 VPFO	1,8%	442.716	496.036	0
State Street Global Enhanced Equity Fund	0,7%	402.865	511.648	731.962
State Street World Index Equity I EUR	0,1%	317.669	458.816	346.491
T.Rowe Price - Global Focused Growth Eq.	0,1%	283.568	313.551	0
UBS Irl ETF plc - S&P 500 ESG UCITS ETF	0,4%	159.695	173.997	0
UBS Lux Real Estate Funds Select	0,1%	453.728	452.940	286.569
Vanguard European Stock Index Fund	0,1%	726.524	880.219	682.592
Vanguard FTSE Emerging Markets	0,1%	129.069	149.283	136.890
Vanguard Global Stock Index EUR	0,0%	126.833	197.683	149.263
Vanguard Global Stock Index USD	0,0%	514.331	656.420	212.979
Wellington Global Quality Growth	0,1%	441.842	523.471	0
Össur hf	0,1%	131.994	579.535	338.174
Önnur félög og sjóðir			1.642.213	1.874.270
			15.573.458	11.430.604

22. Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig, frh:

	2019			2018
	Hlutdeild	Kostn.verð	Gangvirði	Gangvirði
Eignarhlutir í óskráðum erlendum félögum og sjóðum:				
Alkeon Growth Partners LP	0,3%	321.756	429.943	330.489
GAMMA: Anglia	5,5%	140.990	87.467	155.369
KKR Global Infrastructure Investors III	1,3%	281.628	268.489	0
LPE II	3,7%	33.625	52.773	96.709
LPE II -B	3,6%	352.873	627.097	391.603
Morgan Stanley HP Millennium	1,3%	936.113	1.081.603	1.016.603
Morgan St. Em. Private Markets Fund I LP	1,2%	233.462	235.163	280.729
Morgan St. Private Equity Co-Inv. Fund I	1,2%	325.182	381.167	196.083
Morgan St. AIP Private Markets Fund VI LP	0,9%	359.834	510.361	489.162
Morgan St. Div. Credit Opp. Fund I Offshore	3,3%	341.380	427.035	390.367
NB Euro Crossroads 2018 SCSP	2,0%	167.367	159.018	0
Obligo Global Infrastruktur II	13,6%	151.855	150.393	0
Önnur félög og sjóðir			160.698	657.794
			4.571.207	4.004.908
Samtals eignarhlutir í félögum og sjóðum			45.655.095	35.661.517

23. Skuldabréf greinast þannig:

	2019	2018
Skuldabréf metin á gangvirði		
Ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	5.709.693	7.984.946
Skuldabréf sveitarfélaga	1.798.997	929.739
Skuldabréf lánastofnana	4.435.160	2.005.211
Skuldabréf fyrirtækja	2.795.131	1.707.200
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	224.746	225.421
	14.963.727	12.852.517
Skuldabréf haldið til gjalddaga		
Ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	7.904.991	8.152.080
Skuldabréf sveitarfélaga	1.853.836	1.994.344
Skuldabréf lánastofnana	1.627.729	1.576.178
Skuldabréf fyrirtækja	6.859.563	6.590.886
Sjóðfélagalán og önnur veðlán	22.084.911	20.804.017
	40.331.030	39.117.505
Skuldabréf samtals	55.294.757	51.970.022
Áætlað gangvirði skuldabréfa haldið til gjalddaga í árslok	42.459.129	40.841.151

Sjóðfélagalán og önnur veðlán greinast þannig:

Lán til sjóðfélaga	18.757.670	17.827.985
Niðurfærsla sjóðfélagalána í árslok	(28.694)	(37.200)
Önnur veðskuldabréf	3.580.681	3.238.653
	22.309.657	21.029.438

24. Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum í lok árs 2019:

	Í íslenskum kr.	Í erl. mynt	Samtals
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	25.510.430	20.144.665	45.655.095
Skuldabréf	53.994.087	1.300.670	55.294.757
Bundnar bankainnstæður	32.818	860.320	893.138
	79.537.335	22.305.655	101.842.990

	Samtals	Hlutfall
Fjárfesting í ISK	79.537.335	78%
Fjárfesting í USD	11.218.986	11%
Fjárfesting í EUR	8.229.966	8%
Fjárfesting í NOK	1.571.189	2%
Fjárfesting í öðrum gjaldmiðlum	1.285.514	1%
	101.842.990	100%

25. Þrepaskipting gangvirðis

Við mat á gangvirði fjárfestinga er stuðst við þrepaskipta verðmatsaðferð. Verðmatsþrepin eru þrjú og stýrast þau af áreiðanleika þeirra forsenda sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Skilgreining þrepanna er þannig:

1. þrep	Gangvirði sem byggir á viðskiptum skráðra bréfa á virkum markaði.
2. þrep	Gangvirðið byggir ekki á verði á virkum markaði í 1. þrepi heldur sannreynanlegum upplýsingum um eignina svo sem nýleg viðskipti, innra virði eða öðrum mikilvægum markaðsupplýsingum.
3. þrep	Gangvirðismat byggir á öðrum upplýsingum.

Þrepaskipting fjárfestinga á gangvirði í lok árs 2019:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	35.297.585	9.181.494	1.176.016	45.655.095
Skuldabréf	13.228.504	1.655.612	79.611	14.963.727

26. Rekstrarfjármunir

Árið 2019	Rekstrar-fjármunir
Heildarverð 1.1.2019	15.424
Afskrifað 1.1.2019	(7.010)
Viðbót á árinu	3.805
Afskrifað á árinu	(3.339)
Selt og niðurlagt á árinu	(1.557)
Afskriftir af seldu og niðurlögðu á árinu	1.557
Bókfært verð 31.12.2019	8.880
Stofnverð 31.12.2019	17.672
Afskrifað 31.12.2019	(8.792)
Bókfært verð 31.12.2019	8.880
Afskriftahlutföll	20 - 30%

27. Skuldbindingar utan efnahags

Í árslok 2019 voru skuldbindingar sjóðsins vegna fjárfestingaloforða í framtakssjóðum að fjárhæð 3.404 milljónir króna.

28. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Í lok árs 2019 kom upp veirusýking af kórónugerð sem veldur COVID-19 sjúkdómnum og hefur útbreiðslan orðið mjög hröð. Veiran smitast hratt milli manna og barst til Íslands í lok febrúar. Lýstu almannavarnir yfir neyðarstigi þann 6. mars vegna veirunnar. Veiran mun hafa mikil áhrif á starfsemi sjóðsins og þá sérstaklega á ávöxtun eignasafnsins þar sem útlit er fyrir talsverðan efnahagssamdrátt í heiminum öllum.
Markaðir um allan heim hafa lækkað talsvert á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 og ekki er fyrirséð hve áhrif verða langvinn. Viðbúið er að áhrifa muni einnig gæta í innheimtu á skuldabréfum og iðgjöldum, vegna tekjumissis fyrirtækja og aukins atvinnuleysis.

29. Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun í lok árs 2019 var heildartryggingafræðileg staða sjóðsins jákvæð um 0,1% í árslok samanborið við 2,1% neikvæða stöðu í lok fyrra árs. Staða áfallinna skuldbindinga var jákvæð um 0,7% en staða framtíðarskuldbindinga var neikvæð um 1,0%. Athugunin nú er byggð á mati á dánar- og lífslíkum, sem tekur til reynslu áranna 2014 – 2018. Breytt mat á dánar- og lífslíkum frá fyrra ári hefur áhrif til lækkunar á heildarstöðu um 1,0%.
Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2019 greinist þannig í milljónum króna:

Yfirlit um breytingar á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar í milljónum króna:

Eignir	**2019**	**2018**
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í árslok	129.508	118.279
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í ársbyrjun	118.278	107.668
Hækkun endurmetinnar eignar á árinu	11.229	10.611
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	129.411	120.868
Skuldbindingar í ársbyrjun	120.867	106.053
Hækkun skuldbindinga á árinu	8.543	14.815
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	2.686	(4.204)

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar í milljónum króna:

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	72.866	64.167
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	4.675	4.526
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	3.620	3.413
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(1.141)	(1.012)
Hækkun vegna nýs reiknigrundvallar	791	2.178
Hækkun (lækkun) vegna annarra breytinga	310	(406)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	81.122	72.866

30. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring

Í daglegri starfsemi sjóðsins eru margir þættir sem geta haft áhrif á rekstur hans og afkomu. Stjórn Lífsverks hefur mótað áhættustefnu fyrir sjóðinn í þeim tilgangi að skilgreina skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, að skilgreina þá áhættuþætti sem sjóðurinn vill fylgjast með og jafnframt að skilgreina hvernig fylgst verður með þessum áhættuþáttum. Hluti af áhættustefnu sjóðsins er gerð áhættuskrár og áhættudagskrár, þar sem farið er yfir alla áhættuþætti, hvar og hvernig þeir eru mældir og þeir flokkaðir eftir mikilvægi. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á mótun og setningu stefnunnar og framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar. Breytingar á henni eru lagðar fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar. Áhættustefnan nær yfir starfsemi sjóðsins, en ekki félaga og/eða fyrirtækja í eigu sjóðsins.

Áhættustefna Lífsverks er sett í samræmi við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með starfsemi lífeyrissjóða. Saman ná áhættustefna sjóðsins og fjárfestingarstefna yfir áhættu- og áhættustýringarstefnu í samræmi við reglugerðina. Tekið er tillit til stærðar, mannafla og einkenna við mat á hæfilegu umfangi áhættustýringar sjóðsins.

Áhættustefna sjóðsins er yfirfarin og uppfærð árlega.

Stórn ber ábyrgð á að framkvæmt sé eigið áhættumat a.m.k. árlega og hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins. Eigið áhættumat skal taka tillit til allra viðeigandi áhættuþátta, vera framsýnt og í samræmi við rekstur og stefnur sjóðsins. Stjórn rýnir ferlið við gerð eigin áhættumats og endurskoðar forsendur og niðurstöður. Endanlegu áhættumati er skilað til Fjármálaeftirlitsins fyrir lok júní ár hvert.

Áhætta er skilgreind sem hætta á atburði sem dregur úr líkunum á því að lífeyrissjóðurinn nái markmiðum sínum, en meginmarkmið lífeyrissjóðsins er að greiða lífeyri samkvæmt samþykktum.
Áhætta samtryggingardeildar er því öll þau atvik er geta marktækt haft áhrif á getu lífeyrissjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar, þ.e. að tryggingafræðileg staða verði neikvæð til skemmri eða lengri tíma, samanber 2. mgr. 39. laga nr. 129/1997. Áhættan nær bæði til atvika er lúta að eignum og skuldbindingum.

Áhætta séreignardeilda er því öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að eignir/réttindi rétthafa skerðist til skemmri eða lengri tíma.

Áhættuflokkun
Áhættu samtryggingardeildar sjóðsins er skipt í fjárhagslega áhættu, lausafjáráhættu, mótaðilaáhættu, lífeyristryggingaráhættu og rekstraráhættu. Áhættu séreignardeilda er skipt í fjóra flokka; fjárhagslega áhættu, lausafjáráhættu, mótaðilaáhættu og rekstraráhættu.

Fjárhagsleg áhætta, lausafjáráhætta, mótaðilaáhætta og lífeyristryggingaráhætta er áhætta tengd eignum og skuldbindingum sjóðsins (efnahagsreikningi sjóðsins). Rekstraráhætta á m.a. rætur að rekja til áhættu tengdri upplýsingakerfum sjóðsins, framkvæmd viðskipta, ófullnægjandi verkferlum eða vanhæfi starfsmanna m.t.t. þekkingar, reynslu eða heilinda.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu flokkum áhættu en innan hvers flokks eru síðan skilgreindir áhættuþættir, sem eru í heildina 28 í rekstri samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins og 22 í rekstri séreignardeilda.

Fjárhagsleg áhætta
Fjárhagsleg áhætta er fólgin í hættunni á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði verðbréfa. Undir fjárhagslega áhættu falla vaxta- og endurfjárfestingaráhætta, uppgreiðsluáhætta, markaðsáhætta, gjaldmiðlaáhætta, verðbólguáhætta, áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings og ósamræmisáhætta er varðar samtryggingardeild, en þar er átt við hættuna á ósamræmi í breytingum á markaðsvirði eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegar.

Liður í eftirliti með fjárhagslegri áhættu eru skýrar verklagsreglur og vinnulag, þ.m.t. aðferðir til að vakta, meta og stýra þeim áhættum sem starfsemi sjóðsins fylgja. Stjórn sjóðsins fær mánaðarlegar skýrslur um fjárhagsstöðu sjóðsins og yfirfer ársfjórðungslega áhættuskýrslur og álagspróf.

Lausafjáráhætta
Lausafjáráhætta er annars vegar seljanleikaáhætta, sem felur í sér þá áhættu að ekki sé hægt að selja (eða kaupa) tiltekinn fjármálagerning á viðunandi verði með stuttum fyrirvara og hins vegar útstreymisáhætta, sem er sú áhætta að ekki sé hægt að standa við greiðslur í krónum eða erlendum myntum, t.d. vegna lífeyrisskuldbindinga, skuldbindinga í sjóðum, vegna uppgjörs samninga eða úttekta á séreignarsparnaði. Seljanleikaáhætta getur komið til vegna óvenjulegra markaðsaðstæðna en einnig vegna eiginleika viðkomandi

30. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring, frh.:

fjármálagernings. Algengur mælikvarði á seljanleika fæst með því að athuga veltu tiltekinna verðbréfa og bera saman við eignastöðu sjóðsins í sama flokki verðbréfa. Meta þarf útstreymisáhættu með því að skoða vænt nettó innstreymi/útstreymi lífeyrissjóðsins og meta áhættu á fráviki frá þeirri áætlun.

Mótaðilaáhætta
Mótaðilaáhætta samanstendur af útlánaáhættu, samþjöppunaráhættu, landsáhættu og afhendingar- og uppgjörsáhættu. Útlánaáhætta er sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum eða vegna samninga sem fela í sér útlánaígildi. Samþjöppunaráhætta er heildaráhætta eignasafns af tilteknum mótaðila og aðilum honum tengdum. Landsáhætta er hættan á að fjárfestingar sjóðsins séu of tengdar einu landi eða landsvæði. Afhendingar- og uppgjörsáhætta er sú áhætta að uppgjör viðskipta sé ekki í samræmi við fyrirmæli, eða að eignir tapist vegna gjaldþrots (eða greiðslufalls) vörsluaðila, þegar eignir sjóðsins eru í vörslu hjá

Mótaðilaáhætta er metin áður en viðskipti eiga sér stað og með reglubundnum hætti, m.a. með áhættuflokkun og skýrslugjöf til stjórnar og eftirlitsaðila.

Lífeyristryggingaráhætta
Felst í hættunni á því að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga ef skuldbindingar vaxa meira en eignir, hættu sem stafar af miklum samdrætti í iðgjöldum, hættu á neikvæðri þróun í ytra umhverfi sjóðsins, hættu á að lýðfræðileg samsetning sjóðfélaga breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir og hættu á að sjóðfélagar flytji réttindi sín. Lífeyristryggingaráhætta er metin árlega af tryggingastærðfræðingi sjóðsins og gerð eru álagspróf sem sýna hvaða áhrif breytingar á mismunandi forsendum hafa á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Rekstraráhætta
Rekstraráhætta er almenn hætta á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika, almenn áhætta sem snýr að hlítingu starfsmanna við lög og reglur, samþykktir og verkferla, áhætta vegna svika, sem valdið geta sjóðnum fjárhagslegu tjóni, áhætta vegna vél- og hugbúnaðar, sem notaður er í daglegum rekstri, orðsporsáhætta og pólitísk áhætta. Undir rekstraráhættu flokkast einnig skjalaáhætta, úrskurðaráhætta lífeyris, áhætta vegna útvistunar og upplýsingaáhætta.

Helstu tæki til að takmarka rekstraráhættu er að tryggja að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög og reglugerðir, skýrar starfsreglur, verkferlar og verklýsingar og öflugt innra eftirlit, sem m.a. tryggir aðgreiningu starfa innan sjóðsins. Í áhættustefnu sjóðsins er skilgreint hvernig eftirliti með rekstraráhættu er háttað. Þá gerir innri endurskoðandi sjóðsins úttekt á innra eftirliti árlega.

Næmnigreining áhættuþátta
Ársfjórðungslega lætur sjóðurinn taka saman yfirlit um það hvaða áhrif mismunandi sviðsmyndir sem stafa frá fjármálagerningum og skuldbindingum sjóðsins kynnu að hafa á tryggingafræðilega stöðu. Skoðað er hvaða áhrif verðbólguskot kynni að hafa, skyndilegar breyting á virði innlendra og erlendra hlutabréfa, breyting á gengi krónu og samspil verðbólgu og gengi krónu. Hér að neðan er yfirlit sem sýnir eðli og umfang helstu áhættuþátta og áætluð breyting á tryggingafræðilega stöðu eftir eitt ár:

Áhættuþáttur / sviðsmyndir	Tryggingafræðileg staða	Breyting trygginga-fræðilegrar stöðu
Núverandi staða	0,1%	0,0%
Verðbólga 6%	-1,1%	-1,2%
Lækkun á virði erlendra hlutabréfa um 25%	-3,1%	-3,2%
Hækkun á virði erlendra hlutabréfa um 20%	1,1%	1,0%
Hækkun á gengi krónu um 10%	-1,4%	-1,5%
Lækkun á gengi krónu um 10%	1,6%	1,5%
Lækkun á virði innlendra hlutabréfa um 15%	-3,4%	-3,5%
Hækkun á virði innlendra hlutabréfa um 25%	2,1%	2,1%
Verðbólga 6% og lækkun á gengi krónu um 10%	0,5%	0,4%
Verðbólga 1% og hækkun á gengi krónu um 10%	-0,6%	-0,7%

30. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring, frh.:

Reglulega eru gerð álagspróf en markmið þeirra er að meta hvort munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga verði meiri en 10% en þá er samkvæmt lögum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á og með sama hætti ef þessi munur hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár. Við álagsprófið er horft til undirliggjandi eigna í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum.



31. Kennitölur:

Samtryggingardeild	2019	2018	2017	2016	2015
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildar skuldbind.	0,1%	(2,1%)	1,5%	0,1%	2,6%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbind.	0,7%	(0,6%)	2,4%	1,2%	4,1%
Ávöxtun:					
Hrein raunávöxtun	9,0%	1,1%	3,6%	2,6%	8,2%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðastliðin fimm ár	4,9%	4,3%	5,0%	5,4%	5,0%
síðastliðin tíu ár	3,8%	2,9%	(1,0%)	(1,4%)	(0,7%)
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	30,8%	25,9%	27,5%	26,3%	26,5%
Skráð skuldabréf	27,8%	31,6%	36,4%	42,9%	48,8%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	15,7%	15,8%	13,3%	12,0%	11,4%
Óskráð skuldabréf	24,6%	26,6%	22,8%	18,7%	13,3%
Afleiðusamningar	0,0%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%
Bundnar bankainnstæður	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	75,9%	77,4%	80,5%	83,9%	82,2%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum samtals	24,1%	22,6%	19,5%	16,1%	17,8%
Fjöldi:					
Fjöldi virkra sjóðfélaga	2.964	2.842	2.757	2.664	2.612
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	5.094	4.932	4.716	4.564	4.421
Fjöldi lífeyrisþega	503	463	419	381	352
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	80,2%	80,9%	80,2%	80,0%	74,3%
Örorkulífeyrir	9,7%	9,3%	9,0%	7,9%	12,1%
Makalífeyrir	8,8%	9,1%	9,9%	11,3%	12,4%
Barnalífeyrir	1,4%	0,7%	0,9%	0,9%	1,2%
Fjárhæðir á föstu verðlagi:					
Iðgjöld alls	3.807.912	3.735.792	3.554.132	3.351.938	3.078.149
Lífeyrir alls	1.178.242	1.043.069	902.365	768.689	719.372
Hreinar fjárfestingartekjur	9.245.246	3.401.459	3.845.921	3.231.092	5.889.610
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	233.794	223.454	218.081	209.649	229.918
Hækkun á hreinni eign	11.641.122	5.870.729	6.279.607	5.604.691	8.018.469
Aðrar kennitölur:					
Stöðugildi á árinu	8	7,75	7	7	7,6
Lífeyrisbyrði	30,9%	27,9%	25,4%	22,9%	23,4%
Hreinar fjárf.tekjur af meðalstöðu eigna	11,5%	4,6%	5,5%	5,0%	10,0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður					
í hlutfalli af iðgjöldum	6,14%	5,98%	6,14%	6,25%	7,47%
í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,29%	0,30%	0,31%	0,32%	0,39%

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR

Engjateigi 9 - 105 Reykjavík
www.lifsverk.is